

Heitustu eldhústrendin

Innanhússarkitektinn Sólveig Andrea rýnir í eldhústískuna árið 2022. > 24



Tók sjálf á móti barninu

Berglind Anna var í Covid-einangrun þegar dóttirin ákvað að koma í heiminn. > 28



New York

14.900 KR.

flyPLAY.com



FRÉTTABLAÐIÐ

25. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 5. FEBRÚAR 2022

Hafði fengið mig fullsadda

Vítalía Lazareva hefur upplifað margar og ólíkar tilfinningar síðan hún sagði sögu sína í hlaðvarpi í upphafi árs. Hún á erfitt með að treysta fólki og segir mikilvægt að vinna í sjálfri sér. > 20

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÉG ÆTLA AÐ HLAUPA MEIRA

Fjölbreytt úrval snjallúra og heyrnartóla sem hjálpa þér að ná þínum markmiðum



ELKO



Ekki fæst uppgefið hvernig hergögnin eru eða hver framleiðir þau.

Allar hergagna-umsóknirnar frá Air Atlanta

benediktboas@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Hafnað hefur verið í eitt skipti umsókn um flutning hergagna með íslenskum loftförum á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Alls hafa borist 69 umsóknir um flutning hergagna með íslenskum loftförum síðan vorið 2019 og bárust allar umsóknirnar frá Air Atlanta.



69 umsóknir hafa borist síðan vorið 2019.

Þetta kemur fram í svari Þórdísar Kolbrúnar Gylfadóttur utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um vopnaflutninga. Andrés spurði einnig um hvaða hergögn væri að ræða, framleiðanda og magn þeirra, en óheimilt er að veita þær upplýsingar samkvæmt svarinu. ■

Rassapotufjör



Snjönóm fylgir ekki aðeins kuldi, erfiði og eymd. Þessir kátu krakkar renndu sér niður brekkuna við Viðistaðatún í vikunni og höfðu gaman af.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ofsaveður í vændum upp úr helginni

bth@frettabladid.is

VEDUR Horfur eru á miklu óveðri aðfaranótt mánudags, að sögn Sigurðar Ragnarssonar veðurfræðings, Sigga storms. Lægð sem spáð er að verði 938 millibör á miðnætti á sunnudagskvöld verður rétt austan við suðurodda Grænlands. Samkvæmt spám munu liggja skörp skil frá henni sem ganga yfir landið aðfaranótt mánudagsins. Lægðin nálgast síðan landið vestanvert og verður áfram mjög djúp.

„Við erum að tala um alvöru óveður sem vert er að vara við, ofsaveður og sums staðar fárviðri, gangi þessar tölvuspár eftir,“ segir Sigurður.

Hann segir að ekki þurfi að fjölryrða um styrk vinds í hviðum við fjöll. „Hvassast verður líklega á vesturhelmingi landsins aðfaranótt mánudagsins eða á mánudagsmorgun. Hvassast gæti orðið á



Full ástæða er til að vara landsmenn við spá um fárviðri eftir helgi.

suðvesturhluta landsins og höfuðborgarsvæðinu.

Lægðinni fylgir mikil úrkoma, aðallega snjókoma. Þó gæti rignt við strendur sunnan og suðvestan til.

„Það er ekki vanalegt að vara við ofsaveðri með þetta miklum fyrirvara, en að þessu sinni sýna allar tölvuspár vonskuveður, stórhrið um stóran hluta landsins og þar með hættu á foktjóni og samgöngutrúflunum,“ segir Siggi stormur. ■

Efnaminni eiga nú erfiðara með ferðir vegna dýrtíðar

Flugfélög og hótél sem skertu starfsemi tímabundið vegna faraldursins, hafa ekki náð að bregðast nógu hratt við til að anna eftirspurn ferðabyrstra. Ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eykur ferðakostnað, sem þó stöðvar ekki hina efnameiri.

bth@frettabladid.is

FERÐALÖG „Það er hreinlega vitlaust að gera,“ segir Þráinn Vigfússon, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Vita.

Þráinn tekur undir með forstjóra Heimsferða í Fréttablaðinu í gær, um að eftirspurn Íslendinga eftir ferðum til útlanda sé í sögulegu hámarki, eftir að heimsfaraldurinn kom upp.

Fólk í ferðahugleiðingum til Tenerife og fleiri áfangastaða hefur í samtölum við Fréttablaðið bent á að flug og gisting kosti þó ansi mikið þessa dagana. Mörg ferðalög séu vart á færi efnaminni.

Spurður um þetta, segir Þráinn að þar sem verið sé að aflétta takmörkunum vegna Covid alls staðar í Evrópu, sé gríðarleg sókn eftir vetrarferðum til Tenerife og Kanaríeyja næstu vikur.

„Það er ekki bara Ísland sem er að vakna, öll Evrópa er að vakna.“

Þegar ofan á þetta bætist að fjöldi hótela er enn lokaður eftir samdráttinn sem fylgdi faraldrinum, auk þess sem framboð á flugi hafi kannski ekki aukist nógu hratt til að anna stóraukinni eftirspurn síðustu daga, geti útkoman í sumum tilvikum orðið sú að utanlandsflug sé í sumum tilvikum fremur dýrt, miðað við það sem þekkst hefur.

Þráinn segir að gisting á hótélum geti orðið kostnadsöm, þar sem mörg hafi lokað eða minnkað herbergjaframboð vegna faraldursins



Ferðagleði Íslendinga getur kostað skildinginn, einkum þegar ójafnvægi ríkir milli framboðs og eftirspurnar í gistingu og flugi.

AÐSEND MYND



Það er ekki bara Ísland sem er að vakna, öll Evrópa er að vakna.



Þráinn Vigfússon, framkvæmdastjóri Vita

og skertrar aðsóknar. Því séu margir að berjast um hituna á tímum takmarkaðs framboðs. Einkum á völdum stöðum.

Eftir því sem ferðalangar segja er ein afleiðing þessa ástands sú að fólk sem hefur vanist því að spara pening með því að bóka hótél og gistingu sjálf, getur upplifað að fyrirhuguð ferð sé ódýrari ef keypt er í gegnum ferðaskrifstofu.

„Jú, það getur passað. Pakkaferðir geta verið besti kosturinn og ekki síst út frá tryggingum,“ segir Þráinn.

Hann segir að ansi erfitt geti verið að finna hótél á vinsælum áfangastöðum í augnablikinu. Hvað sumarið varði sé mjög mikil sala til Krítar og Mallorca. ■

ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með ljórum fræjum

LESIEUR

iSIO 4

4 GRAINES
Omega 3
VITAMÍN D & E

**OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN**

ORIGINE FRANCE



RAFMAGNAÐUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK

TOYOTA PROACE ELECTRIC



TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

Toyota Proace Electric, verð frá: 6.290.000 kr.




Sama hverjar kröfurnar eru þá er Proace Electric til staðar fyrir þig.

Annasömu lífi í borginni og störfum utanbæjar er sinnt með mikilli afkastagetu og kyrrð. Öflugur mótör og val um tvær rafhlöður skila framúrskarandi hröðun, drægi og umfram allt frelsi sem felur í sér engan útblástur.

Þrjár lengdir og gerðir yfirbyggingar standa til boða og með góðri burðar- og dráttargetu er öllum verkum sinnt. Í innanrýminu er upplýsingaskjár þar sem hægt er að fylgjast með orkunotkun og stöðu rafhlöðunnar.

Proace Electric kemur með 7 ára (3+4) ábyrgð og honum fylgir 3 ára þjónusta. Skoðaðu nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni á byrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Meginþungi leitarinnar hefur verið við suðurhluta Þingvallavatns og á svæði er kallast Ölfusárvík. Leitarsvæðið hefur hins vegar ekki verið einskorðað við þennan stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Haraldur Unason Diego er formaður AOPA og ritstjóri Flugsins.

Flugmaður með mikla reynslu

helenaros@frettabladid.is

BJÖRGUN Haraldur Unason Diego hefur starfað sem flugmaður og ljósmyndari um árabil. Hann er formaður AOPA á Íslandi – Félags íslenskra einkaflugmanna og rekur fyrirtækið Volcano Air Iceland. Þá er hann ritstjóri Flugsins, tímarits um Flugmál.

Vinur Haraldar birti færslu á samfélagsmiðli sínum í fyrradag og sagði að fjölskylda Haraldar vildi koma á framfæri þakklæti og að hún hefði ekki gefið upp vonina. ■

Fólksins ákaft leitað í Þingvallavatni

Ein af stærstu aðgerðum viðbragðsaðila á undanförunum árum hélt áfram í gær, þegar leitað var að lítilli flugvél með fjórum manneskjum. Þungi leitarinnar var við sunnanvert Þingvallavatn.

kristinnhaukur@frettabladid.is
ingunnlara@frettabladid.is

BJÖRGUN Leit hélt áfram í allan gær dag að lítilli Cessna útsýnisflugvél, sem hvarf um hádegisbil á fimmtudag með flugmann og þrjá farþega innanborðs. Rúmlega þúsund manns hafa komið að aðgerðum, með sjálfboðaliðum frá 57 björgunarsveitum. Er þetta með stærstu aðgerðum á vegum viðbragðsaðila frá árinu 2017, þegar leitað var að Birnu Brjánsdóttur.

Flugmaður vélarinnar heitir Haraldur Diego og farþegarnir þrír eru ungmenni frá Bandaríkjunum, Hollandi og Belgíu. Þeir eru í hópi ferðamanna sem kom til landsins á mánudag.

Leit lauk aðfaranótt föstudags klukkan 4. Leitinn hélt áfram klukkan 8 um morguninn og voru aðstæður til leitar góðar í gær, bjart og ekki mikill vindur eða öldugangur.

Meginþungi leitarinnar er við suðurhluta Þingvallavatns og svæði er kallast Ölfusárvík. Samkvæmt Landhelgisgæslunni er óalngengt að svo langan tíma taki að finna flugvél eftir hvarf, en þó hefur ekki fengist staðfest að vélin hafi hrapað í vatnið.

Myndefni sem lögreglan hefur safnað úr sumarþústöldum og af Steingrímsstöð við Þingvallavatn, sýnir ekki flugvél lenda í vatninu. Ummerki um flugvélin hafa heldur ekki fundist í vatninu. Miðað við önnur gögn, svo sem símagögn sem lögreglan hefur, eru þó sterkar vísendingar um að hún hafi gert það.

Talið er að flugvélin hafi orðið fyrir skakkaföllum milli klukkan 11.30 og 12.00 á fimmtudag, yfir sunnanverðu Þingvallavatni, eða á svæðinu þar í kring.



Að óbreyttu er stefnt á að halda leit áfram klukkan 10 eða 11 í dag.

Svæði á vatninu hefur verið afmarkað með baujum og ýmis tæki notuð til að leita undir yfirborðinu. Kafarar hafa hins vegar ekki verið sendir ofan í vatnið heldur eru kafbátar og önnur leitartæki talin nóg að svo stöddu. Svæðið er mjög stórt og dýpið allt að 60 metrar. Auk þess að leita á vatninu sjálfu og undir yfirborði

þess, hafa leitarmenn gengið eftir bökkunum.

Um klukkan 13.30 í gær var greint frá því að olíubrúk hefði fundist á yfirborði Þingvallavatns. Um tíma var leitinni einkum beint að þeim stað þar sem brákin fannst.

Leitin er hins vegar ekki einskorðuð við Þingvallavatn og hefur töluvert stórt svæði verið skimað. Leitinn beinist ekki lengur að Kleifarvatni eins og á fimmtudag, en Úlfjótsvatn og Lyngdalsheiði eru enn í mengi leitarmanna. Ýmiss konar farartæki hafa verið notuð við leitina, svo sem jeppar, fjórhjól og flugvélar en fjöldi áhugaflugmanna hefur sveimað yfir til að aðstoða við leitina.

Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni var stefnt á að leita til klukkan 22 í gærkvöld, á meðan veður leyfði. Búist var við verri aðstæðum til leitar á svæðinu í aðfaranótt laugardags, bæði meiri vinds og jafnvel ofankomu.

Stefnt er á að hefja leit á nýjan leik klukkan 10 eða 11 í dag. ■




ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

TRYGGÐU ÞÉR RAM Í FORSÖLU

BJÓÐUM UPP Á 37"-40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MED 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM



Herra,
lagermann
outlet
líka fyrir konur

Rýmning

Troðfull verslun af merkjavöru!

70%

afsláttur af öllum vörum

BOSS
HUGO BOSS

Stenströms

HUGO
HUGO BOSS

gardeur

SAND
COPENHAGEN

EMPORIO
ARMANI

bugatti

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

POLO
RALPH LAUREN

eterna

LES DEUX
copenhagen

LLOYD

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Rúmlega fjörutíu milljóna króna sjómælingabátur

Sjómælingabátur frá Sjótekni hefur verið notaður við leitina á Þingvallavatni. Báturinn skannar botninn með mikilli nákvæmni bæði í lóðréttri og láréttri stöðu. Taka myndi nokkra daga að skanna allt Þingvallavatn.

helenaros@frettabladid.is

BJÖRGUN Við leitina að týndu flugvélinni eru notuð ýmis tæki og vakti sérstakur sjómælingabátur, merktur Sjótekni, athygli í gær.

Báturinn kemur frá fyrirtækinu Sjótekni og er fyrsti rafdrifni fjarstýrði sjómælingabátur landsins, að sögn Kjartans J. Haukssonar, framkvæmdastjóra Sjótekni. Báturinn er smíðaður í Noregi og kostar um 45 milljónir króna. Að sögn Kjartans eru einungis nokkrir svona bátar til í Evrópu, en Sjótekni hefur átt bátinn í á þriðja ár.

Kjartan segir sjó- og vatnamælingadeild hjá fyrirtækinu vera með sérhæfð mælingatæki sem nota meggi í leit eins og þessari og að sjómælingabáturinn sé gríðarlega gott leitartæki.

Að sögn Kjartans skannar sjómælingabáturinn botninn, hvort sem um ræðir hafsbötn eða vatnsbotn, með mjög mikilli nákvæmni bæði í hæð og plani, sem þýðir í lóðréttri og láréttri stöðu.

„Við í raun teiknum allt sem fyrir augu ber í þrívídd og litakóða. Við sendum rúma 500 geisla niður á sama tíma, marga á sekúndu og getum alveg unnið niður á svona 120 metra dýpi og teiknað allt upp, hárnákvæmt, sem er þar undir.“

Kjartan segir bátinn mikið notaðan í mælingum fyrir Vegagerðina, veitustofnanir, sveitarfélög og fleiri aðila.

„Við notum þetta tæki í leit að sæstrengjum, neðansjávarlögnum og öðrum hlutum sem þarf að leita að. Eins erum við stundum að kanna góðar leiðir eða staði fyrir mannvirki sem þarf að setja á hafsbötn eða í vötn,“ segir Kjartan og bætir við að tækið sé mikið notað í dag.

Tækið sé eitt það albesta til leitar á hafs- eða vatnsbotni, vegna þeirra



Sjómælingabáturinn teiknar upp allt sem hann sér með fimmtán millimetra nákvæmni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ar umfangsmiklu yfirferðar sem það hefur og að það skanni botninn vítt. Þá teikni það allt sem fyrir augu ber hárnákvæmt, eða með 15 millimetra nákvæmni.

Spurður hvernig það kom til að báturinn er notaður við leitina, segir Kjartan að fyrirtækið hafi áður komið að verkefni með lögreglunni á Suðurlandi.

„Þá sannfærðust menn um getu tækisins og okkar mælingafólks, sem er sérþjálfað fólk með áratuga

reynslu í mælingum neðansjávar og vötnum. Við erum með mjög góðan mann sem stýrir þessu og tækið er auðvitað það fullkomnasta sinnar tegundar sem hægt er að fá í heiminum í dag,“ segir Kjartan.

Tækið var fyrst notað við leitina í gærmorgun, að sögn Kjartans og hafi þeim verið falið að skoða ákveðin svæði, svo séu aðrir aðilar sem taki ákvarðanir um það hvort skoðuð verði önnur svæði.

Kjartan segir að tækið hafi átt að

vera í öðru verkefni, en að beðið hafi verið með það til að geta aðstoðað við leitina.

Spurður hvort tækið sé laust áfram til notkunar við leitina að flugvélinni, segir Kjartan að því verði forgangsraðað þannig. Ef skanna ætti allt Þingvallavatn tæki það nokkra daga, segir Kjartan.

„Þetta er auðvitað hörmulegt slyss og við erum allir af vilja gerðir til að liðsinna og hnika þá til okkar dagskrá.“ ■



Leitarmenn hafa komið sér upp bækistöð við Ölfusárvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Björgunarmaður slasaðist við leitina og var fluttur með þyrlu á sjúkrahús

helenaros@frettabladid.is

BJÖRGUN Björgunarsveitarmaður slasaðist í vélsleðaslysi í gærmorgun við leitina að flugvélinni og fjórmenningunum sem voru um borð.

Maðurinn fékk höfuðhögg þegar hann féll fram af hengju á vélsleða og var fluttur með þyrlu á sjúkrahús.

„Þetta leit illa út þegar hann var

sóttur en sem betur fer skilst mér að það hafi nú verið jákvæðari fréttir þegar á spítalann var komið. Þetta var tekið af fullri alvöru því þetta var hátt fall niður af hengju,“ segir Guðbrandur Örn Arnarson, yfirmaður aðgerðamála hjá Landsbjörg.

Guðbrandur segir öflugan mannskap hafa verið með manninum og að allir hafi brugðist hárrétt við. ■

Leitin að flugvélinni í tölum

2017

Stærstu aðgerðir viðbragðsaðila frá 2017.

600

Sex hundruð manns tóku þátt í leitinni í gær.

57

Sjálfboðaliðar frá 55 björgunar-sveitum.

1.000

Rúmlega þúsund manns hafa komið að aðgerðum.



Afar kalt var í gær en aðstæður þóttu samt ágætar til leitar. Bjart var og ekki mikill vindur eða öldugangur. Leitað var til klukkan 22. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Á NÁMSKEIÐ ENDURMENNTUNAR ERU ÖLL VELKOMIN!

Hvað langar þig að læra?

Fjölbreytt úrval stað- og fjarnámskeiða er á dagskrá hjá ENDURMENNTUN.

Kynntu þér málið á endurmenntun.is

FULL BÚÐ AF FERSKUM POTTAPLÖNTUM



20%
af pottum

20% afsláttur af öllum fermingarvörum
gegn framvísun fermingarbréfsins*

Í VERSLUN OKKAR VERÐA UPPSETT VEISLUBORÐ OG FJÖLDI FALLEGRA HUGMYNDA FYRIR
FERMINGARVEISLUNA FRAM EFTIR VORI. STARFSFÓLK OKKAR ERU SÉRFRÆÐINGAR Í FERMINGARVEISLUM OG
AÐSTOÐAR YKKUR GJARNAN MEÐ SKREYTINGAR, ÁLETRANIR O.F.L. FYRIR VEISLUNA YKKAR.



20% afsláttur
af gæludýravörum og fóðri

Fermingartímabilið er hafið!

— ★ ★ ★ —

Komið og sjáið fullt af fallegum
hugmyndum fyrir fermingarveisluna



GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á gardheimar.is

*Send voru fermingarbréf til allra fermingarforeldra. Hægt að nálgast fermingarbréf í upplýsingaborði Gardheima ef bréfið skilaði sér ekki.

Vorviður

Stuðningur við skógrækt félaga og samtaka

UMSÓKNARFRESTUR TIL 1. MARS!

UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR:

www.skogur.is/vorvidur


Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem haldnar verða laugardaginn 19. febrúar 2022, skulu lagðar fram eigi síðar en 9. febrúar 2022.

Kjörskrár skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórna eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu,
4. febrúar 2022.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Þróunarsamvinna: Styrkir til félagasamtaka

Undir hatti samstarfs utanríkisráðuneytisins við íslensk félagasamtök í þróunarsamvinnu auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum um styrki til þróunarsamvinnuverkefna og eru allt að 55 milljónir króna til úthlutunar til nýrra verkefna.

Hafa þín félagasamtök áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?

Markmið styrkjanna er að draga úr fátækt, bregðast við neyðarástandi og styðja við atvinnusköpun og sjálfbærar vöxt í þróunarríkjum. Sérstök áhersla er lögð á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og loftlagsmál í samræmi við stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem koma til framkvæmdar í samstarfslöndum Íslands eða nágrenni þeirra í tvíhliða þróunarsamvinnu.

Opið er fyrir umsóknir vegna styrkja til þróunarsamvinnuverkefna til **14. mars 2022.**

Nánari upplýsingar um umsóknarferlið ásamt verklagsreglum á www.utm.is/felagasamtok

Óskir um nánari upplýsingar og frekari fyrirspurnir skal senda á netfangið felagasamtok.styrkir@utm.is

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Mjög alvarlegt ef borgarar telja alla tjáningu heimila

Því fer fjarri að reglan um að fólk skuli teljast saklaust uns sekt er sönnuð hafi ekki gildi í opinberri umræðu. Það sýni dómaframkvæmd bæði hér og í flestum Evrópuríkjum.

adalheidur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Meginreglan um að óheimilt sé að saka fólk um refsiverða háttsemi án þess að geta fært sönnur á að hún hafi átt sér stað, hefur ekki tapað gildi sínu, að mati Halldóru Þorsteinsdóttur, héraðsdómara og lektors við Lagadeild HR.

Mikil umræða hefur sprottið upp um mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs, vegna #MeToo og slaufunarmenningar.

Halldóra segir oft vísað til reglunnar um að maður skuli teljast saklaus uns sekt er sönnuð í dómum sem varða opinberar ásakanir.

„Með auknu tjáningarfrelsi hefur að nokkru marki verið veittur slaki í kröfum til sönnunar á ummælum. Til dæmis þegar brotápoli lýsir sinni reynslu í góðri trú. Það eru mörk á því sem viðkomandi getur sagt en það eru visbendingar í þá átt að það verði að jata einstaklingum ákveðið svigrúm til að segja opinberlega frá því sem það hefur lent í eða telur sig hafa orðið fyrir, en gerðar eru ríkar kröfur í þeim efnum,“ segir Halldóra og heldur áfram: „Meginreglan er sú, bæði hér heima og víðast erlendis, að út frá friðhelgi einkalífs og æruvernd einstaklinga er óheimilt að saka fólk um refsiverða háttsemi opinberlega, nema viðkomandi geti, ef á það reynir, sannað mál sitt.“ Halldóra tekur fram að auðvitað geti fólk tjáð sig, reglan veiti ekki heimild til



Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari hefur sérhæft sig í mannréttinda-sáttmála Evrópu og kennt sakamálarétt og fjölmiðlarétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að binda fyrir munninn á fólk eða þagga niður í því með valdi. „Allir geta auðvitað tjáð sig en meginreglan er að þú berð ábyrgð á því sem þú segir og þarft að vera tilbúinn að greiða bætur til einstaklings sem þú berð á brýn refsiverða háttsemi opinberlega.“

Nýverið birti dómari við Landsrétt grein á bloggsíðu sinni og hélt því fram að slaufun einstaklings án sönnunar á sekt hans væri ekki brot á reglunni sem lagareglu heldur sé ágreiningur um réttmæti slaufunar síðferðilegur. Reglan um sakleysi uns sekt sé sönnuð eigi ekki við.

Aðspurð segir Halldóra skýrt af dómaframkvæmd að þrátt fyrir að reglan um að fólk skuli teljast

saklaust uns sekt er sönnuð bindi strangt til tekið ekki aðra en ríkið, hefur Mannréttindadómstóllinn verið alveg skýr um að það verði að hafa hana í huga í málum sem varða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs þegar það er verið að saka einstaklinga um refsiverða háttsemi.

Mannréttindadómstóllinn hafi vísað til 6. gr. mannréttindasáttmálans í málum á þessu sviði. Halldóra segir alvarlegt mál ef almenningur trúir því að segja megi hvað sem er, ekki síst í byltingu sem ætlað er að hafa jákvæðar breytingar í för með sér. Fréttablaðið ræðir nánar við Halldóru um tjáningarfrelsið, friðhelgi einkalífs og opinberar ásakanir á vef Fréttablaðsins um helgina. ■

Skoðanakönnun íbúa setji fordæmi

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Tillaga Sjálfstæðismanna um skoðanakönnun meðal íbúa Skerjafjarðar um fyrirhugaða uppbyggingu var felld í vikunni á fundi skipulags- og samgönguráðs.

Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir ákvörðun borgarinnar um að leggja til hliðar þéttingu byggðar við Bústaðaveg eftir könnun fordæmisgefandi. „Með því að fella tillögu um skoðanakönnun meðal íbúa í Skerjafirði finnst mér meirihlutinn kvitta undir að hann meinar ekkert með samráði við íbúa nema til að skreyta sig með á tyllidögum og rétt fyrir kosningar,“ segir Marta.

„Þetta er mjög umdeild uppbygging og landfylling. Þarna er ein af fáum náttúrulegum fjörum í borgarlandinu sem Náttúrufræðistofnun hyggst leggja til að verði friðuð.“ Þá



Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

gæti ný byggð raskað rekstri flugvallarins, sem væri hugsanlega brot á samningum við ríkið.

Fram kemur í bókun meirihlutans að árið 2001 hafi flugvöllurinn verið kosinn burt af meirihluta borgarbúa. Sú niðurstaða hafi margsinnis verið staðfest í atkvæðagreiðslum í borgarstjórn og ráðum borgarinnar.

Í bókuninni segir óeðlilegt að afstaða borgarstjórnar í jafn veigamiklu máli breytist vegna könnunar í einu hverfi. Uppbyggingin varði borgina í heild. ■

Fyrstu banaslysinn með dags millibili

bth@frettabladid.is

UMFERÐARMÁL Ekkert banaslys varð í umferðinni í janúar og eru því banaslysinn tvö sem urðu með dags millibili í vikunni fyrstu banaslys ársins.

Á miðvikudag lést 19 ára gamall nemandi við Framhaldsskólann á Laugum er hann varð undir bíl.

Í fyrrinótt lést farþegi í vöruflutningabíl í veltu í mjög vondu veðri austan við Kirkjubæjarklaustur. ■

Laxinn gefur vel

benediktboas@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Eldisafurðir voru fluttar út til á fimmta tugs landa fyrir rúma 36 milljarða króna í fyrra en fyrir áratug voru löndin 25 og verðmætið rétt rúmum 4 milljarðar.

Þetta kemur fram í fréttabréfi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Þar segir að um 73 prósent af eldisafurðum hafi verið flutt til Evrópu en útflutningsverðmæti eldisafurða til Norður-Ameríku nam um 8,8 milljörðum króna, sem er um 144 prósent aukning á milli ára. ■



Hyundai

TUCSON

Plug-in Hybrid



Plug-in Hybrid



Rafmögnuð hönnun. Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu.

Opið í dag frá 12–16



Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 6.290.000 kr.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Skoðaðu Tucson á hyundai.is.



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Flestar stúlkur verið beðnar um nektarmynd

Börnum hefur verið greitt fyrir nektarmyndir af sér og ókunnugir biðja krakka um nektarmyndir sem þrjár af hverjum tíu stelpum hafa tekið og tveir af hverjum tíu stráku í framhaldsskóla. Hlutfallið er litlu lægra í grunnskóla.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Rúmlega 70 prósent stúlkna í framhaldsskóla hafa fengið senda nektarmynd og svipað hlutfall hefur verið beðið um að senda af sér nektarmynd. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Fjölmiðlanefndar sem Menntasvið Háskóla Íslands framkvæmdi meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9 til 18 ára um allt land á vörðunum síðasta árs og birtist í vikunni.

Skýrslan er annar hluti af fimm í rannsókninni Börn og netmiðlar og að þessu sinni voru tekin fyrir kynferðisleg komment og nektarmyndir.

Þeir sem höfðu fengið sendar nektarmyndir voru í framhaldinu spurðir hver hefði sent þeim slíkar myndir. Stúlkur í grunnskóla sögðu að langflestir væru ókunnugar manneskjur á netinu, eða um 70 prósent. Hlutfallið er nokkrum prósentustigum hærra þegar kemur að framhaldsskóla.

Þá má sjá að í báðum aldursþópum eru stelpur líklegri til að fá sendar nektarmyndir frá vini sem er strákur og strákar líklegri til að



Gífurlegur fjöldi barna fær beiðni um að senda af sér nektarmyndir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

móttaka nektarmyndir frá vini sem er stelpa.

Í 8. til 10. bekk fengu tveir af hverjum tíu nektarmyndir sendar frá vini sem er strákur. Fjögur af hverjum tíu börnum í 8. til 10. bekk hafa verið beðin um að senda af sér nektarmynd og rúmlega helmingur allra þátttakenda í framhaldsskóla. Á báðum skólastigum er mun líklegri að stelpur fremur en strákar hafi fengið beiðni um að senda eða deila af sér nektarmynd. Hlutfall þeirra sem hafa verið beðin um nektarmynd af þeim sjálfum eykst með hækkandi skólastigi.


Algengast er að beiðni um nektar-

myndir komi frá ókunnugum einstaklingum á netinu. Þetta á við um helming allra 13 til 18 ára barna sem hafa fengið beiðni um að senda af sér nektarmynd, 55 prósent þolenda í 8. til 10. bekk grunnskóla og 49 prósent í framhaldsskóla.

Meðal þátttakenda í framhaldsskóla hafði rúmlega þriðjungur fengið beiðni um sendingu nektarmyndar frá kærasta eða kærustu, einstaklingi sem krakkarnir höfðu kynnst á netinu eða stefnumótasiðum og vini sem er strákur.

Þegar kemur að því að deila nektarmyndum kemur fram að einn af hverjum tíu þátttakendum í 8. til

Hver hefur beðið þig um nektarmynd/ir af þér?



Strákar Stelpur

10. bekk hefur deilt nektarmynd af sér en einn af hverjum fjórum framhaldsskólanemum. Stelpur eru heldur líklegri til að hafa sent eða deilt af sér nektarmynd undanfarið ár. Í 8. til 10. bekk hafa 12 prósent stelpna sent slíka mynd en 8 prósent stráka. Heldur fleiri þátttakendur í framhaldsskóla hafa sent af sér nektarmynd síðastliðið ár, um þrjár af hverjum tíu stelpum og tveir af hverjum tíu stráku.

Á báðum skólastigum höfðu 3 prósent þátttakenda deilt, á síðasta ári, nektarmyndum eða myndskleidum af öðrum en þeim sjálfum. Engu að síður er örliðill munur á stráku og

stelpum eftir skólastigum. Nokkuð færri stelpur en strákar höfðu deilt eða sent slíkar myndir eða myndskleid.

Um 2 prósent af þátttakendum í 8. til 10. bekk höfðu fengið peningagreiðslu fyrir að deila af sér nektarmyndum og í framhaldsskóla er hlutfallið prósentustigi hærra. Fleiri strákar sögðust hafa þegið peningagreiðslu fyrir nektarmynd en stúlkur í 8. til 10. bekk en hlutföllin snúast við þegar kemur í framhaldsskóla. Þar hafa fleiri stelpur þegið peningagreiðslu fyrir nektarmynd. Innan við eitt prósent sagðist hafa fengið gjafir gegn deilingu nektarmynda. ■



Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar, sem haldnar verða laugardaginn 19. febrúar 2022, skulu lagðar fram eigi síðar en 9. febrúar 2022.

Kjörskrár skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórna eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu,
4. febrúar 2022.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps, sem haldnar verða laugardaginn 19. febrúar 2022, skulu lagðar fram eigi síðar en 9. febrúar 2022.

Kjörskrár skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórna eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu,
4. febrúar 2022.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Kínverjar styðja Rússa gegn NATO

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Stjórnvöld í Kína og Rússlandi gáfu út sameiginlega yfirlýsingu í gær um að þjóðirnar myndu styðja hvor aðra og að Atlantshafsbandalagið, NATO, væri að kynda undir nýju köldu stríði. Legðust báðar þjóðir gegn því að fleiri þjóðir myndu ganga inn í NATO.

Ekki var minnst á Úkraínu með beinum orðum en fáum dylst að það er raunveruleg meining yfirlýsingarinnar. Meira en 100 þúsund rúss-



Pútín og Jinping hittust í fyrsta sinn síðan faraldurinn hófst.

neskir hermenn eru við landamæri Úkraínu og spennan milli Rússlands og vestrurveldanna hefur ekki verið meiri í langan tíma.

Yfirlýsingin var gerð þegar Vla-

dímír Pútín Rússlandsforseti heim-sótti Kína í tilefni af setningarhátíð Vetrarólympíuleikanna, sem fara í Peking. Pútín og Xi Jinping, aðalræðismaður kínverska kommúnistaflokksins, hafa ekki hist síðan faraldurinn byrjaði.

Hún gengur ekki aðeins í eina átt, því að Rússar sögðust einnig lýsa yfir fullum stuðningi við stefnu Kínverja gagnvart Tævan. Kínverjar viðurkenna ekki tilvist sjálfstæðs Taívan og hyggjast ná eyjunni á sitt vald í framtíðinni. ■

Aðgerðum fjölgað en biðtími lengst

tsh@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Kynleiðréttingaraðgerðum hefur fjölgað undanfarin ár en alls hafa 85 manns farið í samtals 184 aðgerðir hjá Landspítala frá 2010. Meðalaldurinn, árin 2015 til 2020, er 21 til 33 ára. Þetta kemur fram í svari Landspítala við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Töluvert hefur verið rætt um biðtíma trans fólks eftir kynleiðréttingaraðgerðum. Eva Dögg Davíðsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, lagði til að mynda fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um biðtíma eftir slíkum aðgerðum.

Ugla Stefania Kristjónudóttir Jónsdóttir, formaður Trans Íslands, segir mikilvægt að fundin sé lausn við biðtímanum sem fyrst enda geti aðgerðirnar skipt sköpum fyrir trans fólk. „Það hefur oft verið talað um að þetta séu bara einhverjar lýtaaðgerðir og valkvæðar aðgerðir. Það er eins og fólk geri sér ekki alveg grein fyrir mikilvægi þeirra fyrir trans fólk, hversu mikilvægt það er fyrir velferð og líf trans fólks að geta farið í þessar aðgerðir,“ segir hún.

Að sögn Landspítala er biðtími eftir kynleiðréttingaraðgerðum mjög breytilegur og getur varað allt

Kynleiðréttingaraðgerðir á Landspítala 2015-2021

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021 jan-nóv
Gerð legganga	8	5	6	11	8	8	2
Uppbygging reðurs	0	2	6	6	5	1	0
Brjóstaaðgerðir	6	12	4	3	15	9	4
Barkakýlisaðgerðir	0	0	0	0	1	1	8

*Fyrri og seinni aðgerðir teknar saman, **Brjóstaaðgerðir og lagfæring eftirbrjóstaaðgerð teknar saman



Ugla Stefania Kristjónudóttir Jónsdóttir, formaður Trans Íslands

frá tveimur vikum upp í tíu mánuði ef frá eru skilin árin 2020 og 2021. Biðtíminn fari bæði eftir því um hvaða aðgerð er að ræða og fjölda einstaklinga á biðlista hverju sinni. „Sem dæmi má nefna að fleiri en einstaklingar í kynleiðréttingarferli eru á biðlista eftir brjóstaaðgerð. Eins hafa utanaðkomandi aðstæður áhrif. Til dæmis má nefna að heimsfaraldur Covid-19 hefur haft áhrif á alla biðlista Landspítala síðustu tvö ár.

Fyrir kemur að einstaklingur sjálfur frestar aðgerð og er þess

vegna lengur á biðlista,“ segir í svörum Landspítala.

Í desember 2021 var staðan á biðlistum þannig að 18 manns biðu eftir gerð legganga, 13 manns biðu eftir brjóstnámi og einn einstaklingur beið eftir uppbyggingu reðurs. Á þennan lista vantar þó upplýsingar um þá sem biða eftir brjóstaaðgerðum og barkakýlisaðgerðum. Von er á ítarlegri gögnum síðar. Tekið skal fram að einhverjir gætu verið á biðlista eftir tveimur mismunandi aðgerðum.

Ugla Stefania segir biðtíman eftir aðgerðum vera auðleysanlegt vandamál í ljósi þess hversu fáir einstaklingar séu á biðlista og hvetur hún forstjóra Landspítala og annað ráðafólk til að setja málið í forgang.

„Þetta er litill hópur, mikil þörf og auðvelt að leysa að mörgu leyti og skiptir ótrúlega miklu máli fyrir þennan litla hóp,“ segir hún. ■



2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021

Við tryggjum ánægðari viðskiptavinum

Sjóvá er efst tryggingafélaga
í Ánægjuvöginni fimmta árið í röð.



Byggðajafnvægi



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það ánægjulega í aðdraganda sveitarstjórna-
kosninga er að nú ríkir meira byggðajafnvægi á
Íslandi en marga undanfarna áratugi.

Það er ekki lengur svo að höfuðborgin og
úthverfabæirnir í kring sögi til sín íbúa – og þá
ekki síst ungt fólk – heldur hefur orðið við-
spyrna í mörgum byggðakjörnum víða um
land sem löngum hafa glímt við folksfækkun –
og raunar er svo komið í nokkrum þeirra að þar
fjölga fólki hlutfallslega mest á Íslandi.

Byggðasvæðin hér á landi eru mörg og skapa
mikilvægan fjölbreytileika í samfélagi fólks,
en keppa líka sín á milli um lífsgæði, þjónustu
og atvinnu. Reykjavík er auðvitað miðstöð
miðlægrar þjónustu af hálfu hins opinbera og
hefur augljósa forgjöf í þeim efnum, umfram
sveitarfélögin sem liggja fjarri höfuðborginni.
Úthverfabæirnir í kring njóta góðs af þeirri
forgjöf og hafa stækkað verulega á síðustu
áratugum, svo mjög raunar að nú virðist vera
komið að mörkum.

Fyrir vikið hefur hlaupið mikill vöxtur í ytri
kragann sem rúmast innan Hvítánnu beggja á
Vesturlandi og Suðurlandi, og svo viðvarandi
hefur hann verið undanliðinn áratug að
byggðasvæðin utan hans, á Snæfellsnesi í vestri
og í Rangárfingi í austri, hafa styrkt mjög sam-
keppnishæfni sína í þessu ljósi.

Hér skipta samgöngur og fjarvinna gríðar-
legu máli, en þó ekki síður sóknin eftir ríkri
og persónulegri nærþjónustu þar sem barna-
fjölskyldur fá notið sín í starfi, námi og leik,
án þess að drjúgur hluti dagsins fari í skutl og
streituvekjandi umferðarsultur sem eyðileggja
einn dýrmætasta tíma dagsins.

Það er einmitt af þessum sökum sem byggða-
svæði á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austur-
landi hafa náð að spyrna við fótum – og sum
hver svo hressilega að eftir hefur verið tekið,
en þar má nefna Hörgársveit í Eyjafirði, næsta
sveitarfélag norðan Akureyrar, sem hefur ekki
undan að brjóta land fyrir byggingasvæði
framtiðarinnar.

Og þar er raunar enn eina breytinguna að
finna í síðari tíma byggðapróun landsins. Sterk
og eftirsóknarverð bæjarfélög á borð við Akur-
eyri, langfjölmennasta kaupstað landsins utan
suðvesturhornansins, söga ekki lengur til sín íbúa
úr næstu sveitarfélögum í kring, heldur styrkir
hún þau.

Allt er þetta vitnisburður um að fólk sagast
ekki lengur á þéttustu mölina. Það vill andrými
og öryggi, fyrir nú utan ríka og manneskjulega
þjónustu, sem þarf ekki að sækja á milli hverfa
eða bæjarfélaga á mesta annatíma dagsins. Og
þetta er mikilvæg breyting. ■

”
Allt er
þetta
vitnisburður
um að
fólk sagast
ekki lengur
á þéttustu
mölina.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Síðasta niðurlægingin



Sif
Sigmarsdóttir

Vordag einn árið 415, í hinna frægu menn-
ingarborg Alexandríu, hlaut kona að nafni
Hýpatía hrottalegan dauðdaga. Hýpatía var
einn þekktasti stærðfræðingur síns tíma,
heimspekingur, heiðingi og kennari. Hún var
áhrifavaldur í Alexandríu, sem þá tilheyrði
hinu hnignandi Rómverska keisaradæmi
og komu aðdáendur langt að til að hlusta
á hana tala. Ásampt því að vera vel gefin,
mælsk og rökföst var Hýpatía sögð einkar
fögur. Ein þekktasta saga um Hýpatíu segir
frá nemanda sem fær á henni ofurást. Til að
losna undan ágengni hans sýnir hún honum
klút með tíðablóði sínu. Uppátækið skilar
tilætludum árangri og ungi maðurinn lætur
hana í friði upp frá því.

En vinsældir Hýpatíu urðu henni að falli.
Múgur kristinna karlmanna sem mislíkaði
hugmyndir hennar, er sagður hafa ráðið að
henni á götu úti, afklætt hana, limlest, tætt af
henni holdið með þakhellum og loks ferjað
sundurtættar líkamsleifar hennar út fyrir
borgarmörkin og brennt.

Ill endalokin voru þó ekki síðasta niður-
læging Hýpatíu.

Öskrandi sniðganga

Hýpatía er gjarnan sögð fyrsta nafngreinda
konan í sögu stærðfræðinnar. Hlutur kyn-
systra hennar í faginu hefur aukist hægt
síðastliðin 1.500 ár.

Í næstu viku verður alþjóðlegum degi
kvenna og stúlkna í vísindum fagnað. Sam-
einuðu þjóðirnar standa fyrir deginum, til að
vekja athygli á kynjahalla innan raungreina
og stuðla að auknum tækifærum konum til
handa innan vísindasamfélagsins.

Á Íslandi, landi sem talið er skara fram úr
á sviði jafnréttismála, kann einhverjum að
þykja slíkur dagur óþarfur. Því fer þó fjarri.

Í vikunni vöktu stjórnarformaður og frá-
farandi stjórnarformaður Samtaka sprotafyr-
irtækja athygli á „öskrandi sniðgöngu kvenna
í nýsköpun“. Bentu þær á að þótt aldrei hefði
runnið jafnmikið fé til VC-sjóða á Íslandi

(sjóða sem stunda áhættufjárfestingar) og
árið 2021, hefði aðeins ein fjárfesting af tutt-
ugu og sex farið til teymis þar sem stofnendur
voru konur. Þrjú teymi höfðu bæði karla og
konur innanborðs en tuttugu og tvö teymi
samanstöðu aðeins af körlum.

Vandamálið er augljóst. Ástæða þess er
hins vegar vandfundin. Stjórnarformenn-
irnir blésu á ódýrar skýringar þeirra sem
ekkert þekkja til, skýringa á borð við að færri
konur útskrifist úr raungreinum en karlar
(konur voru 54% þeirra sem útskrifudust
með meistaraáráðu af Verkfræði- og nátt-
úruvísindasviði Háskóla Íslands árið 2019)
eða að konur stundi ekki nýsköpun (um 30%
verkefnastjóra umsókna í Tækniþróunarsjóð
eru að jafnaði konur).

En hvað er það þá sem veldur? Þegar rýnt er
í tölurnar er fátt um svör. Svo kann þó að vera
að svarið sé að finna í minningu Hýpatíu.

Margir muna eftir hinum litríka Yanis
Varoufakis sem var fjármálaráðherra Grikkja
til skamms tíma árið 2015 þegar Grikkland
stóð á barmi greiðsluþrots í kjölfar alþjóðlegu
efnahagskreppunnar. Varoufakis var nýverið
gestur í útvarpsþætti breska ríkisútvarpsins
um fyrrnefnda Hýpatíu.

Í þættinum greindi Varoufakis frá atviki
sem átti sér stað fyrir átján árum á fundi
háskólaráðs Háskólans í Aþenu þar sem
hann starfaði sem prófessor í hagfræði. Ráðið
hugðist heiðra hina forngrísku forgöngu-
konu. Eftir umræður um hvernig best væri
að votta Hýpatíu virðingu lágu niðurstöður
fyrir. Skólinn skyldi nefna byggingu í höfuðið
á henni. Varoufakis var kátur, enda yfirlýstur
aðdáandi Hýpatíu. En skyndilega runnu á
hann tvær grímur.

Næsta verk fundarins var að ákveða í
hvaða deild háskólans Hýpatía skyldi eignast
byggingu. Stærðfræði? Verkfræði? Tölvunar-
fræði? Svarið fannst viðstöddum liggja í
augum uppi. Fyrsti kvenkyns stærðfræðingur
sögunnar skyldi að sjálfsögðu heiðruð í...
bókmenntafræðinni. ■

Vinsælu Hvíldarsófarnir komnir aftur

SX 80532

Vandaðir sófar með
rafstillanlegum sætum.

Tryggðu
þér
eintak



2 sæta sófi



3 sæta sófi



Hægindastóll

Sjá nánar
á patti.is

Kíktu í heimsókn
og prófaðu!

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

”
Ill enda-
lokin voru
þó ekki
síðasta
niðurlæg-
ing Hýpa-
tíu.



Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

21. – 23. september 2022




Sýningin er opin:

Miðvikudag: 21. sept. 14.00-19.00

Fimmtudag: 22. sept. 10.00-18.00

Föstudag: 23. sept. 10.00-18.00



**ICELAND FISHING
EXPO 2022**

Sjávarútvegur 2022

www.icelandfishexpo.is

LÝKUR 7. FEBRÚAR

RISA ÚTSALA

Allt að 60% afsláttur

Fæst einnig í
Stone áklæði



PINTO

4ra sæta sófi í Kentucky koníakslit eða stone bonded leðri.
253 x 97 x 85 cm. 249.990 kr.

Nú 174.993 kr.



30%

EDE 3ja sæta sófi í Kentucky koníak bonded leðri. 205 x 95 x 82 cm. 179.990 kr.

Nú 125.993 kr.



MANZANO 3ja sæta sófi í sterku og vönduðu leðri. 165 x 91 x 91 cm. 219.990 kr.

Nú 164.993 kr.



AVILA 3ja sæta sófi í Kentucky koníak bonded leðri. 230 x 94 x 77 cm. 179.990 kr.

Nú 143.992 kr.



ATLANTA Rafknúinn 3ja sæta leðursófi. Svartur eða dökkbrúnn. 198 x 96 x 98 cm. 329.990 kr.

Nú 263.920 kr.



CLEVELAND Hornsófi hægri eða vinstri. Riviera grátt áklæði. 308 x 203 x 81 cm. 199.990 kr.

Nú 149.993 kr.



40%

KIRUNA U-sófi hægri eða vinstri. Dökkgrátt áklæði. 301 x 200 x 78 cm. 239.990 kr.

Nú 143.994 kr.



BOYD

Hægindastóll, dökkblár. 79.990 kr.

Nú 55.993 kr.



PINNACLE

Hægindastóll La-z-boy með innbyggðum skammel. 129.990 kr.

Nú 103.992 kr.



PINNACLE

Hægindastóll La-z-boy með innbyggðum skammel. 189.990 kr.

Nú 151.992 kr.

BRISTOL
Hægindastóll, grátt sléttflauel. 99.990 kr.

Nú 69.993 kr.



30%

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1



40%

RICHMOND

Borðstofuborð, olíuborin eik með fiskibeinamyndstri. Ø120 cm. 99.990 kr.

Nú 59.994 kr.



YORK

Borðstofustóll. Svartur, brúnn eða dökkgrár. PU leður. 26.990 kr.

Nú 19.973 kr.



FRÍDA

Borðstofustóll. Hvítolíuborin eik og leðurseta. 79.990 kr.

Nú 47.994 kr.

40%



BRAY

Borðstofustóll, grátt velvet. 19.990 kr.

Nú 14.993 kr.

50%



SLIT

Borðstofustóll, eikargrind. Leðurseta. 19.990 kr.

Nú 14.993 kr.

40%



BROOKE

Borðstofustóll. Dusty rose áklæði. 21.990 kr.

Nú 13.194 kr.



60%

PINCH

Borðstofuborð með fiskibeinamyndstri. 90 x 240 cm. 399.990 kr.

Nú 159.996 kr.



50%

RIVERDALE COLORADO

Borðstofuborð. Antík svart. Gegnheill viður. Ø150 cm. 239.990 kr.

Nú 119.995 kr.



30%

MUUBS SPACE

Stækkanlegt borðstofuborð. Borðplata úr eik. Ø150 cm. Stækkunarplata seld sér. 379.990 kr.

Nú 265.993 kr.



50%

FREGAT

Hægindastóll. Hvítolíuborin eik, seta og bak í brúnu eða svörtu leðri. 169.990 kr.

Nú 84.995 kr.



40%

ALINA Skápur. Spónlögð reyklituð eik. 72x36x145 cm. 139.990 kr.

Nú 83.994 kr.



ALINA Borðstofuskenkur. Spónlögð reyklituð eik. 160 x 72 cm. 169.990 kr.


Nú 101.994 kr.



20% AF BODUM VÖRUM



15% AF EVA SOLO VÖRUM



25% AF UMAGE VÖRUM



15% AF VERTI VEGGVÖSUM

77,3

Brady kastaði fyrir 84.520 jarda, eða 77,3 kílómetra, á ferlinum. Það jafngildir ferðalagi frá Arnarhóli í Borgarnes.



Brady var aðeins eitt ár að breyta Buccaneers úr liði sem olli vonbrigðum ár hvert, í meistaraliði.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

76,3%

Brady vann 277 af 363 leikjum sínum í NFL-deildinni.

Kveður ferilinn á eigin forsendum sem sá besti



Brady lék gegn Patriots í fyrsta sinn í vetur og hafði betur gegn læriföður sínum, Bill Belichick.

Tom Brady tilkynnti í vikunni að leikmannuferlinum væri lokið. Þessi sigursælasti leikmaður sögunnar fer út á eigin forsendum sem einn besti leikmaður deildarinnar, kominn langt á fimmtugsaldur.

kristinnpall@frettabladid.is

NFL Einn af bestu íþróttamönnum sögunnar og eitt þekktasta andlit bandarískra íþróttá, leikstjórnandinn Tom Brady, tilkynnti í vikunni að 22 ára ferli í NFL-deildinni í amerískum ruðningi, væri lokið. Brady er handhafi flestra meta sem haldið er utan um í stöðu leikstjórnenda í NFL-deildinni og er sigursælasti leikmaður deildarinnar með sjö meistaratitla. Til samanburðar hefur ekkert af félögum 32 unnið meistaratitilinn oftar en sex sinnum. Það voru ekki miklar væntingar gerðar til Brady þegar hann var valinn með 199. valrétt í nýliðavalinu 2000 og lét hann lítið fyrir sér fara fyrsta árið, en eftir að óvænt tækifæri gafst í upphafi annars tíma-

bilsins litu Brady og Patriots ekki um öxl. Hann átti eftir að leiða lið Patriots í úrslitakeppnina sautján sinnum á nítján árum og vinna sex meistaratitla í herbúðum Patriots. Brady innsiglaði stöðu sína sem besti leikmaður NFL-deildarinnar frá upphafi, þegar hann skipti um lið fyrir tveimur árum síðan og vann strax sjöunda meistaratitil sinn sem leikstjórnandi Tampa Bay Buccaneers. Með því stóð hann einn á báti sem sigursælasti leikmaður sögunnar, með fleiri meistaratitla en nokkurt eitt lið.

Þrátt fyrir að vera kominn hátt á fimmtugsaldurinn, virtist Brady ekkert slá af, heldur bætti eigið met yfir elsta leikstjórnanda sögunnar til að leiða deildina í snertimörkum og kastjörðum á nýafstöðnu tímabili. Þótt honum hafi ekki tekist að færa Buccaneers annan Superbowl-titil er nafn hans skráð í söguþækkurnar í Tampa, eftir að hafa leitt liðið til 28 sigurleikja af 36 og skilað meistaratitli til félags sem var búið að vera í kjallara NFL-deildarinnar um áratugabil. ■



Flestir tengja Brady við lið Patriots eftir nítján ár í Boston.

14

Kelvin Joseph, yngsti leikmaður NFL-deildarinnar í vetur, er fæddur tveimur vikum áður en Brady náði að kasta fyrstu sendingu sinni í NFL-deildinni.

12,7%

Brady vann sjö meistaratitla á ferlinum, eða 12,7 prósent allra úrslitaleikjanna: leikja eftir að úrslitakeppnin var tekin upp í núverandi mynd, árið 1967.

Upplifi það að Brady gæti átt nokkur ár eftir á toppnum

„Ég er búin að fylgjast lengi með NFL og þó að ég hafi ekki haldið með Brady og Patriots er ekki annað hægt en bera stórkostlega virðingu fyrir þessum ótrúlega íþróttamanni,“ segir Fanney Birna Jónsdóttir fjölmiðlakona aðspurð út í afrek Brady, en Fanney Birna hefur fylgst vel með NFL í langan tíma.

„Hann er greinilega með skrokk sem virðist vera hannaður í NFL-deildina og það hefur verið gaman að fylgjast með sambandi hans og Gronkowski, sem hefur átt í stökustu vandræðum með skrokkinn sinn. Maður upplifir það að Brady gæti alveg átt nokkur tímabil eftir á þessu stigi en á sama tíma er hann að hætta á toppnum.“

Fanney tók undir að það væri ótrúlegt að hann væri að spila jafn vel og ef ekki betur eftir ferstugsaldurinn.

„Lýsendurnir tala oft um það



Fanney Birna Jónsdóttir, fjölmiðlakona

að hann hafi ótrúlega hæfileika til að aðlagast breytingum með aldrinum. Hann breytir dýnamikinni í eigin leik án þess að það komi niður á gæðunum, sem er erfitt sem leikstjórnandi.“

Fanney tók undir að Brady væri í flokki með mönnum eins og Michael Jordan, Wayne Gretzky og Babe Ruth.

„Það er alveg hægt að taka undir það. Svona hetjur, eins og Brady og Jordan, sem sýna upp á eigin spýtur hvað íþróttin er stórkostleg, eiga stóran þátt í útbreiðslu þessara íþróttá.“

Menningarsjóður Íslands og Finnlands



Tilgangur sjóðsins er að efla menningartengsl Íslands og Finnlands. Sjóðurinn veitir árlega styrki til einstaklinga, samtaka, félaga og stofnana vegna verkefna sem geta orðið til að efla samskipti Íslands og Finnlands á sviði menningar, lista, atvinnulífs og þjóðlífs almennt.

- Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna verkefna sem eru fyrirhuguð á síðari hluta ársins 2022 og fyrri hluta ársins 2023.
- Frestur til að leggja inn umsóknir um styrki úr sjóðnum vegna þessa tímabils rennur út 31. mars 2022.
- Æskilegt er að umsóknir séu ritaðar á sænsku, dönsku, norsku, finnsku eða ensku.
- Einungis er hægt að sækja um rafrænt á: www.hanaholmen.fi.
- Fyrirspurnir vegna umsókna má senda á: fonderna@hanaholmen.fi

Frekari upplýsingar um Menningarsjóð Íslands og Finnlands má finna á vefnum www.hanaholmen.fi

Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands.

vfs.is

M18

EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 190 VERKFÆRI

Milwaukee®
**ALVÖRURU
VERKFÆRI**

**VERKFÆRA
SALAN**



BJORK@FRETABLADID.IS

Njótum helgarinnar

Nú þegar samkomutakmarkanir hafa verið rýmkaðar verulega og metrereglan sem tók við af stóru systur sinni, tveggja metra reglunni, hefur verið afnumin á sitjandi viðburðum – getum við loks farið að njóta alvöru samkoma. Þó svo að líðandi vika hafi ekki beinlínis einkennst af uppörvandi fréttum er full ástæða til að njóta helgarinnar. Allavega gefa stjórnvöld okkur ekki lengur nokkra afsökun til að flatmaga á sófanum yfir sjónvarpsdagskránni. Hundrað daga janúar er loks á enda og nógu stutt liðið frá mánaðamótum svo mögulega er veskið enn samilega bólgíð. Við höfum svo sannarlega séð það svartara!

Leikhúsin eru að lifna við á ný með bæði spennandi frumsýningum og verkum sem legið hafa í takmarkana-dvala. Eins og sjá má hér á síðunni eru yfirstandandi vetrarhátíðir í Reykjavík og Hafnarfirði, auk þess að njóta má útilistaverka í Kópavogi og á Seltjarnarnesi.

Daginn er farið að lengja og lífið er smátt og smátt að komast í eðlilegt horf. Nú er bara að krossa fingur um að allt sé þetta upp á við og njóta lífsins löðrandi í spritti og skynsemi!

Góða helgi! ■



Daginn er farið að lengja og lífið er smátt og smátt að komast í eðlilegt horf.

Við mælum með

Skillet Cookie á Brewdog

Smákaka, á Brewdog á Hverfisgötu, sem bökud er í sjóðandi heitri pönnu með þreföldu súkkulaði og ís, bráðnar í munni og yljur um hjartarætur í kuldanum. Skillet Cookie er sérstaklega skemmtilega borin fram og það sama má segja um matseðilinn allan. Sigurður Gunnlaugsson kokkur er öflugur í tilraunaeldamennsku á Brewdog og matseðillinn er aldrei eins. Alltaf eru þó gómsætir kjúklíngavængir í boði sem og buffalo-blómkaalsbitar sem rífa í.



Bröns á Brút

Brönshlaðborðið á veitingastaðnum Brút í Pósthússtræti er sannarlega fersk nýjung í brönsmenningu miðbæjarins. Ferskur, hollur en einnig klassískur matur í fallegu umhverfi þar sem hinir ómissandi drykkir Mímósa og Bloody Mary fylgja til að toppa helgarstemninguna. Svo ekki sé talað um gnægð gómsætra eftirrétt. Einstakur bröns sem hentar grænkerum sem öðrum og gestir ganga út bæði sáttir og sælir. ■



Vetri konungi fagnað

Vetrarhátíð sem hófst á fimmtudag stendur yfir til morguns og er af nægu að taka í miðborginni en hátíðin teygir anga sína alla leið í Hafnarfjörð, í Kópavog og út í Gróttu.

bjork@frettabladid.is

Vegna sóttvarnarádstafana er hátíðin með breyttu sniði í ár og áhersla lögð á list í almannarými, útilistaverk, menningarmerkingar og ljóslistaverk. Það er af ýmsu að taka og er allar upplýsingar um viðburði að finna á vefslóðinni vetrarhatid.is og hafnarfjordur.is.

Ofbirta á Hallgrímskirkju

Verkið Ofbirta eftir hönnuðinn og myndlistarkonuna Mörtnu Sigríði Róbertsdóttir bar sig úr bytum í samkeppni um ljóslistaverk á Vetrarhátíð. Í verkinu reynir listamaðurinn að fanga stemninguna yfir jól og áramót þegar Íslendingar mótmæla skammdeginu með því að skreyta umhverfi sitt og búa til sín eigin listaverk í gluggum og górdum. Verkið er unnið í þríviðdarforriti þar sem ljósbrotum er stjórnað með tilviljanakenndum hreyfingum svo að útkoman verður aldrei fullkomlega fyrirsjáanleg.

Votlendi í Ráðhúsinu

Lifandi votlendi eftir listakonuna Katerinu Blahutova er upplásið, gagnvirkt listaverk sem vekur athygli á mikilvægi votlendis. Verkið, sem berja má augum í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld, laugardag og á morgun, sunnudag frá klukkan 18 til 22, er jafnframt fjáröflun og rennur allur ágóði til Votlendis-sjóðs.

Ljósaslóð í miðbænum

Ljósaslóð myndar skemmtilega gönguleið frá Hallgrímskirkju, niður á Austurvöll og að Ráðhúsi Reykjavíkur. Rúmlega 20 ljóslistaverk lýsa upp leiðina öll kvöld hátíðarinnar frá klukkan 18.30 til 22. Óvænt ljóslistaverk birtast vegfarendum á veggjum, í gluggum og í húsasundum og gleðja augað.

Fræðandi skemmtigöngur

Á leið um ljósaslóðina er tilvalið að leggja leið sína að útilistaverkunum á höfuðborgarsvæðinu og fræðast um tilurð þeirra. Hægt er að hlaða niður sérstöku appi Listasafns Reykjavíkur á slóðinni: listasafnreykjavikur.is/snjallforrit.

Hjartasvellið í Hafnarfirði

Hjartasvellið í Hafnarfirði sem staðsett er fyrir aftan Bæjarbíó, verður opið í dag, laugardag, frá klukkan 13 til 21 og á morgun, sunnudag, frá klukkan 13 til 19.



Verkinu Ofbirtu er varpað á Hallgrímskirkju.

MYND/RÓBERT REYNISSON



Hjartasvellið í Hafnarfirði er í hátíðarbúningi og opið um helgina.



Verkið Lifandi votlendi er til sýnis í Ráðhúsinu.

MYND/RÓBERT REYNISSON

Svellið verður baðað ljósum í tilefni hátíðarinnar og hægt er að bóka skautuferð á hjartasvellið.is en frítt verður í fyrstu tvær ferðir dagsins.

Ljósadýrð í Hellisgerði

Vetrarhátíðarlýsing hefur verið sett upp í ljósadýrðinni í Hellisgerði og þaðan er gaman að byrja á göngutúr á milli útilistaverka í Hafnarfirði og kynna sér upplýsingar um verkin í snjallsímanum en kort og lista yfir þau má finna á utilistaverk.hafnarborg.is.

Hafnarfjarðarsöfnin opin

Öll söfn Hafnarfjarðar eru opin um helgina og eru gestir hvattir til að skoða söguna á Byggðasafninu, sækja sér bók eða spil á Bókafafninu eða kíkja á sýningar eða listamannaspjall í Hafnarborg. Á sunnudaginn verður Hallgerður



Hellisgerði í Hafnarfirði er sveipað sannkallaðri ljósadýrð þessa dagana.

Hallgrímsdóttir með listamannaspjall um verk sín sem eru til sýnis í Sverrissal í Hafnarborg. Þar má einnig líta yfirlitssýningu á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar sem lýkur 20. febrúar og hver fer að verða síðastur að sjá.

Vörpun á Kópavogskirkju

Verki eftir Sirru Sigrúnu Sigurðardóttur verður varpað á Kópavogskirkju í kvöld frá klukkan 18 til 23. Verkið er gert sérstaklega fyrir form kirkjunnar og í samtali við list Gerðar Helgadóttur þar sem vitnað er til lita og forma í gler- og mósaikverkum hennar.

Gróttuviti og Seltjarnarneskirkja

Í kvöld, laugardagskvöld og sunnudagskvöld, verður bæði Gróttuviti og Seltjarnarneskirkja upplýst í litum Vetrarhátíðar. ■

■ Í vikulokin

Ráðalaus ríkisstjórn og áhugalaus um allt sem máli skiptir



Ólafur Arnarson

Ríkisstjórnin stendur ráðalaus á meðan verðbólga æðir upp með tilheyrandi búisfjum fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu.

Ríkisstjórninni virðist vera fyrirmanað setja adalatríðin í forgang. Þess í stað eltist hún við einskis nýta hluti eins og hvolpur sem eltist við rófunu á sér.

Við stjórnarmyndun nú í haust var gripið til þess ráðs að hræra í skipulagi Stjórnarráðsins í þeim tilgangi helstum að fjölga ráðherrum, að því er virðist. Hringlið með ráðu-

neyti er ekkert annað en rándýr óparfi sem erfitt er að lýsa öðruvísi en sem sukki og svínarií.

Fjármálaráðherra ber hausnum við steininn og bregst ekki við. Þrátt fyrir að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði séu lausir í haust og mikill kröfuþrýstingur að myndast hjá verkalýðshreyfingunni, ekki síst vegna vaxtahækkana sem Seðlabankinn beitir í slag sínum við verðbólgunu, örlar ekki á skilaboðum frá ríkisstjórninni um að hún geri sér grein fyrir stöðunni.

Erlend aðföng hækka, ekki síst olía og hrávörur. Þessu veldur brostin aðfangakeðja vegna heimsfaraldurs. Við slíkar aðstæður gætu stjórnmál hringlið og fjölskyldur. Draga mætti tímabundið úr skattlagningu á eldsneyti.

Seðlabankinn hækkar nú vexti til að berjast annars vegar við erlenda verðbólgu og hins vegar hækkanir á húsnæðismarkaði. Þróun húsnæðisverðs undanfarinn áratug sýnir hins vegar að það stjórnast fremur af



Fjármálaráðherra ber hausnum við steininn og bregst ekki við.

framboði húsnæðis en vaxtastiginu í landinu.

Vaxtahækkanir bitna verst á ungum fjölskyldum með miklar húsnæðisskuldir. Hvernig væri að hækka barnabætur? Sú aðgerð myndi sérstaklega gagnast ungum fjölskyldum.

Aðgerðir stjórnvalda munu ráða úrslitum um niðurstöðu kjarasamninga. Ríkisstjórnin er hins vegar ráðalaus og virðist vera sama um allt nema ef til vill hringekju um mjúka ráðherrastóla. ■



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Fermingardagar

hefst í Skútuvogi í dag

5. - 27. febrúar

30%

afsláttur

af vörum sem þú þarft fyrir ferminguna, einnig í vefverslun, blomaval.is



Fagmennska í 50 ár

Komdu og fáðu hugmyndir hjá okkur í Blómavali og pantaðu tímanlega með 30% afslætti. Einnig hægt að panta í vefverslun áritun á servíettur, sálma- og heillaóskabækur o.fl. Við bjóðum upp á fallegar vörur hvort sem er fyrir kirkjulegar athafnir eða borgaralegar fermingar



Blóma- og borðskreytingar



Merkta sálma- og heillaóskabækur



Merkta servíettur og kerti

40%

Túlípanar
10 stk.
10000088

1.490 kr
~~2.490 kr~~



Samstarfsaðilar okkar á fermingardögum

Veitingar

- Sætar syndir
- Veislan
- Kransakökunámskeið Blómavals

Athugið að ekkert smakk er í boði




Skreytingar og skemmtun

- Blómaskreytar Blómavals sýna uppdekkuð borð, borðskreytingar o.fl.
- Rent a Party, allt fyrir veisluna á einum stað



Fermingarfatnaður

- Flash, Vera Moda, Jack & Jones og Vila sýna nýjustu tísku í fermingarfatnaði fyrir bæði kyn



Vítalía Lazareva varð þjóðþekkt á einni nóttu þegar hún greindi frá sögu sinni í hlaðvarpinu Eigin Konur. Síðan þá hefur Vítalía fundið fyrir miklu þakklæti úr ólíkum áttum og segist ekki sjá eftir því að hafa sagt sína sögu. Hún hefur þó einnig fundið fyrir vonleysi og á erfitt með að treysta. Vítalía tekst upp- rétt á við verkefni sem biða hennar á nýju ári.

Í upphafi þessa árs sagði Vítalía Lazareva sögu sína í hlaðvarpinu Eigin Konur. Þar sagði hún frá sambandi sínu við giftan mann og ofbeldi sem hún varð fyrir. Í kjölfarið á útgáfu þáttarins varð Vítalía þekkt á einni nóttu og samfélagið brást við sögu hennar á annan hátt en margir bjuggust við.

Vítalía nafngreindi ekki mennina sem koma fyrir í sögu hennar en ekki leið á löngu þar til nöfn þeirra komu upp á yfirborðið og afleiðingarnar urðu ólíkar því sem tíðkast hefur í íslensku samfélagi. Mennirnir fimm sem nafngreindir voru fóru í leyfi eða hættu í störfum sínum og Vítalía hlaut stuðning úr hinum ýmsu áttum og upplifði það að fólk trúði sögu hennar.

Í október á síðasta ári greindi Vítalía lauslega frá sögu sinni á Instagram og segir hún að þá hafi hana langað til að segja ítarlegar frá, en að hún hafi ekki haft kjark til þess.

„Svo allt í einu var ég tilbúin til þess að tala um þetta. Ég vissi að ef ég gerði það ekki myndi ég ekkert endilega vera tilbúin til þess síðar,“ segir Vítalía. „Ég hafði fengið mig fullsadda af öllu því sem hafði gerst og líka af sjálfri mér og því að ég væri í þessu ástandi,“ bætir hún við.

Hún segist hafa verið tilbúin að standa með sjálfri sér, eitthvað hafi breyst innra með henni og hún vildi segja sína sögu.

„Þarna var ég ekki að hlusta á einhvern utanaðkomandi sem sagði mér að ég ætti ekki að segja frá, heldur stóð ég með og var trú sjálfri mér.“

Sagði frá á sínum forsendum

Vítalía segist hafa verið mjög stressuð fyrir viðtalið við Eddu Falak, umsjónarkonu Eigin Kvenna. Hún hafi þó verið ákveðin í að segja sína sögu af einlægni og á sínum forsendum.

„Ég vissi ekki beint hvað eða hvernig ég ætlaði að segja frá, en þegar ég byrjaði að tala þá bara kom þetta. Þetta er bara mín saga og mín lífsreynsla, maður þarf ekkert að æfa sig í því að segja frá henni,“ segir Vítalía.

Eftir að viðtalið við Vítalíu birtist, brást íslenskt samfélag, líkt og áður hefur verið sagt, við á ólíkan hátt miðað við oft áður, þegar konur hafa greint frá ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir.

Vítalía var bæði í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum sögð þjóðhetja, að saga hennar hefði breytt samfélaginu og að nafn hennar yrði ritað í sögubækurnar. Hún sjálf segist ekki hafa geta gert sér í hugarlund hver viðbrögðin við sögu hennar yrðu.

„Þegar ég hugsa um þetta fæ ég gæsahúð, en ég veit að þessi viðbrögð urðu ekki vegna þess að það var ég sem sagði mína sögu eða að hún hafi verið áhrifameiri en sögur annarra, ég held að þetta snúist um það hvernær ég sagði hana,“ segir Vítalía.

„Þetta virðist hafa verið tímapunkturinn þar sem samfélagið var tilbúið og fólk í samfélaginu var búið að fá nóg.“

Vítalía sjálf hefur hvorki hlustað né horft á viðtalið við sig og segist ekki tilbúin til þess. Hún muni þó vel hvað hún sagði og segir að það að hún hafi sagt sannleikann og ekki falið neitt, hafi líklega ýtt enn frekar undir þau viðbrögð sem frásögnin vakti.

„Ég var alveg ákveðin í því að ef ég ætlaði að koma fram með mína



Vítalía segist hafa fengið sig fullsadda af öllu því sem hafði gerst en líka af sjálfri sér og því ástandi sem hún var í. Þess vegna ákvað hún að stiga fram og segja sögu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Hef allan tímann tekið ábyrgð á mínum þætti



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

sögu myndi ég segja alla söguna og segja frá því sem ég upplifði. Það þýðir ekkert að mála sig saklausan og ég hef allan tímann tekið ábyrgð á mínum þætti, um leið og maður fer að ljúga flækjast málin og lygin kemst á endanum upp,“ segir hún.

„Ég skrifa suma hluti á mig og það hef ég gert allan tímann, en sumum hlutum get ég ekki tekið ábyrgð á,“ segir Vítalía. „Allir sem um ræðir í minni frásögn eru fullorðnir einstaklingar og fullorðnir einstaklingar verða að taka ábyrgð á sér. Fólk þarf að átta sig á því að það hafi gert eitthvað rangt og að það sem gerðist og ég sagði frá, sé ekki í lagi,“ bætir hún við.

Skilur að fólk spyrji spurninga

Vítalía segist hafa orðið vör við alls konar samfélagslega umræðu

sem snúi að henni og hennar frásögn. Hún segist skilja að fólk spyrji spurninga og að hún sé berskjölduð.

„Ég sagði frá þessu og opnaði þannig á það að ég væri ekki lengur með allt mitt privat, en sumum spurningum er erfitt að svara og þó að ég hafi sagt frá er líf mitt ekki raunveruleikabáttur þar sem allt er uppi á borðum,“ útskýrir hún.

Í samfélaginu hefur spunnist mikil umræða um það hvort að mennirnir sem Vítalía segir hafa beitt sig ofbeldi beri allir jafna ábyrgð og hvort að þeir eigi allir skilid sömu örlög. Spurð að því hvaða áhrif spurningar sem þessar hafi á manneskju í hennar stöðu, segir Vítalía þær truflandi og að þær geti dregið úr trúverðugleika þolenda.

„Ég get sagt það að það er enginn jafn sekur og hinn, allir gerðu sitt og

”

Þarna var ég ekki að hlusta á einhvern utanaðkomandi sem sagði mér að ég ætti ekki að segja frá heldur stóð ég með og var trú sjálfri mér.

allir eiga sinn þátt í því sem gerðist, það er bara þannig,“ segir Vítalía og bendir á að því fylgi líka ábyrgð að vera á staðnum sem áhorfandi þegar fólk er beitt ofbeldi.

Vítalía hefur fengið fjölda skilaboða úr hinum ýmsu áttum, fólk stoppar hana úti á götu, hrósar henni fyrir hugrekkið og þakkar henni fyrir. Hún segist ekki hafa haft neinar væntingar um áhrif frásagnar sinnar, en finni mikla hlýju viðs vegar að.

„Ég bjóst ekki við hatri og ég bjóst ekki við stuðningi. Ég var ekki búin að hugsa um hvað myndi gerast á morgun eða eftir viku og hafði ekki gert neinar ráðstafanir,“ segir Vítalía.

„Núna er það þannig, þegar ég fer út að borða eða í ræktina, þá horfir fólk mikið og margir brosa til mín. Aðrir koma upp að mér og segja mér að þeim finnist ég hugrökk og fólk hefur jafnvel kallað mig hetju,“ segir hún.

„Það sem kom mér mest á óvart voru allar sögurnar um ofbeldi sem ég fékk sendar og fólk treysti mér fyrir,“ segir Vítalía og bætir við að



Vitalía, sem hélt að enginn myndi skilja sig, hefur aftur á móti fengið tugi skilaboða frá fólki sem deilir með henni eigin reynslu sem svipar til hennar.



„Ég bjóst ekki við hatri og ég bjóst ekki við stuðningi,“ segir Vitalía en hún segir ofbeldissögurnar sem hún hafi fengið sendar hafa komið á óvart.



Um tíma lá ég bara á jörðinni og sá ekki fyrir mér að ég myndi standa aftur upp. Ég hugsaði með mér að þetta yrðu endalokin fyrir mig og að ég yrði aldrei aftur sú sama.

mæður ungra stúlkna hafi til að mynda sent henni skilaboð og tjáð henni að frásögn hennar hafi hvatt dætur þeirra til að segja sjálfar frá.


„Það að lesa allar þessar sögur sem ég hef fengið sendar hefur verið erfitt og haft mikil áhrif á mig, en það hefur líka hjálpað mér mikið,“ segir Vitalía. Á meðan á sambandi hennar við giftan mann, sem hún fjallar um í hlaðvarpinu, stóð og í kjölfar ofbeldisins, upplifði Vitalía sig eina.

„Mér leið eins og það skildi mig enginn og að það vissi enginn hvað ég væri að tala um. Mér leið eins og það héldu bara allir að það væri eitt-hvað að mér, en það var svo bara alls ekki raunin.“

Vitalía fékk tugi skilaboða þar sem fólk deildi með henni upplifunum sem svipaði til hennar eigin. „Fólk var að segja mér frá hlutum sem ég þekkti vel frá þessu tímabili í mínu lífi og allt í einu fattaði ég >>

Sumarpöntun!

Tryggðu þér saunatunnu, saunaklefa eða tunnupott úr sedrusviði í tíma!



Saunatunna úr sedrusviði

Luna útisauna úr sedrusviði



Tunnupottur úr sedrusviði



Panorama sedrus saunatunna



Pure Cube útisauna úr sedrusviði

Í Sauna Spa færðu vandaða gufuklefa og tunnupotta úr sedrusviði sem reynst hafa sérlega vel á Íslandi. Veldu gæði!

TYLÓHELO

Þú finnur verðlistann og nánari upplýsingar á sauna.is

Velkomin í sýningarsalinn
að Smiðjuvegi 11

SAUNA SPA
Fjárfesting í velliðan
Smiðjuvegi 11 s. 571 3770, pall@sauna.is, sauna.is



Vítalía segist á tímabili ekki hafa þorað út úr húsi né að tala við fólk.

» að ég væri ekki ein. Og við erum ekki tíu og við erum ekki tuttugu – við erum óteljandi,“ segir hún.

„Það var búið að segja mér að ég væri rugluð og að ég væri að gera úlfalda úr mýfluggu, að ég væri að misskilja og hlutirnir væru svona en ekki hinsegin. En um leið og ég bakkaði aðeins áttaði ég mig á því að ég er ekkert rugluð og að það er fullt af fólki sem hefur upplifað það sama og ég.“

Sá hlutina ekki skýrt

Vítalía segir að með tímanum sjái hún betur og betur hversu erfiðum aðstæðum hún hafi verið í. Hún hafi verið með giftum manni og ekki borið mikla virðingu fyrir sér og sínum tilfinningum.

„Á tímabili fannst mér ég svo heppin að eiga hann að og svo heppin að ég fengi að koma með á æfingu eða í einhverja sumarþáttarferð. Þarna sá ég ekki hlutina skýrt og áttaði mig ekki á því að ég gæti bara gert það sem ég vil, með þeim sem ég vil, og að það væri til fullt af fólki sem vildi vera með mér án þess að lítillækka mig,“ útskýrir Vítalía.

„En svo er maður fastur í einhverjum aðstæðum og bara kemst ekki úr þeim. Það er auðvelt að standa fyrir utan boxið og spá í hvað annað fólk er að gera, en þegar maður er inni í boxinu getur maður orðið blindur á aðstæður.“

Vítalía segist sjá það nú að á tímabilinu sem hún ræðir um í viðtalinu umrædda, hafi hún ekki verið sú sem hún vill helst vera. „Ég var blind og dofin og var í þessum aðstæðum án þess að vera þarna. Hausinn var ekki til staðar.“

Margt hefur breyst í lífi Vítalíu frá upphafi árs. Fyrstu dagana á eftir upplifði hún vonleysi og sá ekki fyrir sér að hún myndi aftur eiga gláðan dag, sú varð ekki raunin.

„Um tíma lá ég bara á jörðinni og sá ekki fyrir mér að ég myndi standa aftur upp. Ég hugsaði með mér að þetta yrðu endalokin fyrir mig og að ég yrði aldrei aftur sú sama,“ útskýrir hún.

Þrátt fyrir tilfinningarnar sem hún upplifði og lýsir hér, hélt Vítalía að hún gæti tekist á við allt sem var að gerast í hennar lífi sjálf. „Það var svo auðvitað ekki þannig,“ segir hún og brosir.

„Ég vildi alls ekki fara til sálfræðings, var í einhvers konar afneitun. Ég var heldur ekki viss um að ég



Á tímabili þorði ég ekki út úr húsi og ég þorði ekki að tala við neinn, af því að ég vissi ekki hverjum ég gat treyst og ég veit það ekki enn þann dag í dag.

vildi og gæti treyst einhverjum fyrir öllu sem væri í gangi. En ég lofaði svo foreldrum mínum að prófa og ég get sagt að nú gengur allt betur,“ segir Vítalía.

„Ég er ótrúlega þakklát því að hafa fengið þessa hjálp og einnig mjög þakklát mörgum öðrum sem hafa stutt mig í þessu öllu,“ bætir hún við og nefnir sérstaklega Eddu Falak og Ólöfu Töru Harðardóttur, meðlim Öfga. Þær segir hún hafa staðið með sér og rétt sér hjálparhönd, jafnvel þegar hún vissi ekki að hún þyrfti á henni að halda.

„Ég er mjög meðvitund um það að þó að mér sé farið að líða betur þá munu þessir atburðir alltaf vera hluti af mér og ég þarf að lifa með þessu öllu,“ segir Vítalía.

„Það verða alltaf augnablik og aðstæður þar sem ég þarf að læra að halda ró minni og kljást við erfiðar tilfinningar. Á tímabili þorði ég ekki út úr húsi og ég þorði ekki að tala við neinn, af því að ég vissi ekki hverjum ég gat treyst og ég veit það ekki enn þann dag í dag.“

Vítalía er einnig þakklát foreldrum sínum og fjölskyldu sem hún segir hafa staðið með sér frá því að viðtalið birtist.

„Núna er staðan þannig að ég tek nokkur skref í einu. Ég er ekki einu sinni komin þangað að ég taki einn dag í einu. Það er bara frá morgni til hádegis, frá hádegi fram að kvöldmat og svo get ég vonandi sofnað,“ segir Vítalía, sem hefur átt afar erfitt með svefn undanfarna mánuði.

„Ég veit að mér mun líða enn betur en ég set enga pressu á sjálfa mig varðandi það. Held bara áfram að vinna í sjálfri mér og hugsa um mig.“



Vítalía fæddist í Rússlandi en hefur búið á Íslandi frá þriggja ára aldri þegar faðir hennar fór að spila handbolta hér.



Það er enginn jafn sekur og hinn, allir gerðu sitt og allir eiga sinn þátt í því sem gerðist, það er bara þannig.

Tók harmonikkuna aftur upp

Vítalía fæddist í Rússlandi en hefur búið á Íslandi frá því hún var þriggja ára. Þá fluttist fjölskylda hennar hingað til lands og pabbi hennar, sem spilað hafði handbolta með rússneska landsliðinu, hóf að spila hér.

„Upphaflega stóð ekki til að vera hérna svona lengi, en mömmu og pabba leið vel svo við erum hér enn,“ segir Vítalía.

Stórfjölskyldan býr öll í Rússlandi og hefur Vítalía í gegnum tíðina ferðast þangað einu sinni til tvisvar á ári. „Það er samt þannig að þegar

maður er að heimsækja fjölskylduna sína verður ekkert frí úr ferðalögum. Rússland er svo stórt land og við reynum alltaf að hitta marga á stuttum tíma, svo við fjölskyldan höfum líka reynt að ferðast á aðra staði og elskum til dæmis Ítalíu.“

Síðasta sumar ferðaðist Vítalía um Ítalíu í þrjár vikur. Í Napólí fór hún á námskeið þar sem hún lærði að gera pitsu og tíramísu frá grunni. Móðir hennar er kokkur og hún er vön matargerð sem unnin er frá grunni, sem og því að prufa nýja hluti þegar kemur að mat. Vítalía stundar nám í matvælafræði við Háskóla Íslands og nýtur þess einnig sjálf að elda mat, eins og sjá má á Instagram-reikningi hennar.

Með kokkinum sem sá um námskeiðið og Vítalíu myndaðist vinátta og næsta sumri hyggst hún verja á Ítalíu.

„Ég vingaðist við þennan mann og mig hefur alltaf langað að vinna á veitingastað og það ætla ég að gera í sumar, vera á Ítalíu og vinna á veitingastaðnum hans,“ segir Vítalía, sem alla tíð hefur haft mikinn áhuga á mat og næringu.

Spurð að því hvað sé fram undan annað en Ítalíuferðin, segist Vítalía

stefna að því að keppa í fitness á árinu, en það hefur hún gert tvisvar áður og svo segir hún ekki útilokað að hún gripi í nikkuna.

„Ég lærði á harmonikkunni í Tónlistarskóla Reykjavíkur í tíu ár og kláraði þar grunnnám í harmónikkuleik,“ segir Vítalía.

„Ég hef ekki verið að nota þennan hæfileika minn mikið upp á síðkastið, en ég tók hana upp um daginn og það er ótrúlegt, þetta er allt í puttunum, alveg fast í vöðvaminninu, svo það er alveg möguleiki á því að ég geri eitthvað meira í þessu,“ segir Vítalía.

„Fyrir ekki svo löngu var ég viss um að ég myndi aldrei komast yfir þetta,“ segir Vítalía, þegar talið berst aftur að opinberun hennar í upphafi árs. „Ég vissi að það væri tvennt í stöðunni. Annað hvort að sitja og gráta eða dusta af mér rykið og halda áfram,“ segir hún.

„Ég er fegin að ég áttaði mig á því að í rauninni væri bara eitt í stöðunni, að standa upp og halda áfram, ég er 24 ára og á eftir að gera svo margt. Vítalía er ekki það sem gerðist, heldur bara manneskja,“ segir þessi unga ákveðna kona að lokum. ■

ILVA

KORPUTORG - AKUREYRI - ILVA.IS

Íttöluhlak

**LOKADAGUR ER
7. FEBRÚAR**



LAGERSALA

**30-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Á KORPUTORGI
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**

LAGERSALAN ER EINGÖNGU Á KORPUTORGI OG ER AF VÖRUM STAÐSETTUM Í VERSLUNINI
GILDIR EKKI UM SÉRPANTANIR EÐA VÖRUR AF LAGER

FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!

ILVA Korputorgi s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 12-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

ILVA áskilur sér rétt til að leiðrétta augljósar villur.



Rimlar og viðarplötur á veggi og í innréttingum nutu mikilla vinsælda á síðasta ári. Falleg eldhúsinnrétting þar sem rimlarnir setja sterkan svip á eldhúsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Svartbæsaðar innréttingar með rimlum og marmarinn halda velli.



Tímalaus og falleg hönnun sem fangar augað.

MYNDIR/ÁSENDAR

Náttúruleg efni og marmari heitast á nýju ári



Sjöfn Þórðardóttir sjöfn @frettabladid.iss

Innanhússarkitektinn Sólveig Andrea segir náttúruleg efni og mýkt vera áberandi í eldhúshönnun á nýju ári þar sem marmarinn njóti enn mikilla vinsælda, sérlega með sterkum karakter og áberandi æðum.

Sólveig Andrea Jónsdóttir innanhússarkitekt er með puttann á púlsinum þegar farið er yfir heitustu eldhúsin á árinu 2021 og það sem koma skal. Sólveig hefur haft nóg að gera í hönnun síðustu misserin og segir að framkvæmdagleðin hafi verið í fyrirrúmi á árinu sem leið og margir hafi látið verða af því að fá sér draumaeldhúsið.

Hver voru heitustu eldhústrendin á liðnu ári hvað varðar efnisval og líti?

„Heitast árið 2021 voru dökkar innréttingar og marmari. Fólk setti punktin yfir i-ið með flottri marmaraplötu eða kvarssteyni. Einnig voru stórar flísar áberandi, sérstaklega í stærðinni 120x60 sentimetrar. Jafnframt komu mjúkir litir í parketi sterkt fram, vinsælasta parketið á síðasta árið var fiskibeinaparketið.“

Sólveig segir að fólk sé farið að huga mun meira að lýsingunni. „Lýsingin kom sterkt inn og vitundarvakning hefur orðið um það hve miklu máli hún skiptir sem og hljóðvistin. Það getur verið vandamál ef það er ekki hugsað út í þessa hluti frá byrjun. Hljóddúkar í loftu eru einnig vinsælir og flestir Íslendingar vildu fá viðar/hljóðplötur á veggi eða

“**Falleg hnota og mjúkar línur munu njóta vinsælda.**”



Dökkar innréttingar og marmari voru það heitasta á síðasta ári og halda áfram velli. Marmarinn er ávallt glæsilegur, mikið augnakonfekt og fer vel með dökkum innréttingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

í loft. Það var sérstaklega áberandi á síðasta ári, það var hreinlega gegnumgangandi,” segir Sólveig.

Leirbrúnir litir og kopar

Sólveig segir að hvað varðar nýja strauma í efnisvali og litum séu náttúruleg efni í forgrunni. Innréttingar verði þó áfram dökkar eða brúnar en ljósi viðurinn sé að koma inn líka. „Falleg hnota mun líka njóta vinsælda og það verður meira um mjúkar línur í eldhúsum en verið hefur upp á síðkastið.“ Þegar kemur að húsgögnum sé fólk meira að velja tímalaus húsgögn, þar sem ljósir litir í bland við jarðliti sé í forgrunni. Mikið er af leirbrúnum lit og kopar

þar sem jarðtónar og svart blandast við. „Einnig nýtur marmarinn áfram mikilla vinsælda og er að koma mjög sterkur inn með miklum karakter þar sem æðarnar eru meira áberandi og fanga augað.“

Tímalaus hönnun

Sólveig finnur að fólk er farið að hugsa meira um tímalausa hönnun og huga meira að heildarhönnun á húsnæði sínu. „Ef heildarhönnun á húsnæðinu er vel gerð og „kassinn“ er fallegur eða umgjörðin samhlíða því að hafa hönnunina tímalausa þá er allt fallegt við það – hvort sem þú ert með ný húsgögn eða ekki. Enda ávallt fallegast að koma inn á heimili

sem hafa karakter og persónuleiki fólksins sem býr þar skín í gegn. Einnig er fólk farið að pæla meira í að fjárfesta í listaverkum sem gera heimilin fallegri og persónulegri.“

Annað sem Sólveig hefur fundið fyrir er að fólk sé mikið farið að hugsa um hvað það er að kaupa og hugi meira að því að kaupa klassiska hönnun. „Ekkert endilega að vera að hlaupa á eftir tisku – hvað er inni og hvað er úti og skapa sér fallegan og persónulegan stíl. Einnig er fólk farið að leita meira til fagaðila til að sjá um heildarhönnun á húsnæðinu til að fá sem mest út úr því og skapa sér sinn stíl sem hentar fjölskyldunni.“ ■

Sólveig Andrea Jónsdóttir innanhússarkitekt segir að framkvæmdagleðin hafi verið ríkjandi á síðasta ári og margir látið verða af því að fá sér draumaeldhúsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





Frábærir áfangastaðir sumarið 2022

Lækkaðu ferðina um 22.000 kr. á mann með kóðanum "SOL2022"
Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.

Kíktu á verðið!

Aðeins 600 sæti í boði!

fyrstur kemur – fyrstur fær

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

7 nætur
Flug & hótél frá
67.200



7 nætur
Flug & hótél frá
49.950



Albufeira ★★★★★

Mirachoro Albufeira



🕒 7. júní í 7 nætur

Frá kr. 67.925 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn. eða **80.900 m.v. 2**

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Alicante ★★★★★

Apartmentos Avenida

Benidorm



🕒 17. maí í 7 nætur

Frá kr. 49.950 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn. eða **67.200 m.v. 2**

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Costa del Sol ★★★★★

Bajondillo Apartments



🕒 21. maí í 9 nætur

Frá kr. 79.975 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn. eða **85.000 m.v. 2**

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Krít ★★★★★

Helios Apartments



🕒 23. maí í 10 nætur

Frá kr. 93.250 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn. eða **117.500 m.v. 2**

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Mallorca ★★★★★

Eix Lagotel



🕒 3. júní í 7 nætur

Frá kr. 77.900 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn. eða **89.200 m.v. 2**

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

Tenerife ★★★★★

Tamaimo Tropical



🕒 4. júní í 7 nætur

Frá kr. 72.700 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn. eða **86.400 m.v. 2**

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

📞 595 1000 • **Bókaðu þína ferð á** heimsferdir.is

 **Heimsferðir**
– fáðu meira út úr fríinu

Þitt með þýnara um þrennillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Ljósi viðurinn kemur meira inn á nýju ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Litlu hlutirnir í eldhúsinu gleðja augað. Marmorinn á móti svartbæsaðri eik heldur áfram velli.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Marmari með sterkum karakter verður ríkjandi, hnota og lifandi viður þar sem náttúrulegir litir verða í forgrunni.

MYNDIR/ÆSENDAR



Dökkar innréttingar á móti ljósum eyjum njóta áfram vinsælda.

MYND/ÆSEND



Marmorinn heldur áfram að njóta mikilla vinsælda og kemur sterkur inn með miklum karakter þar sem æðarnar eru meiri áberandi og fanga augað.
MYND/ÆSEND




FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 5. febrúar 2022

KYNNINGARBLAÐ

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSHEILBRIGÐ
MELTINGwww.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðarHeilbrigð melting er
grunnur að góðri heilsu

TARAMAR

KYNMAGNADAR HÚDVÖRUR
ÚR NÁTTÚRU ÍSLANDSFrítt Serum
með hverju
DagkremiÚtiæfingataeki fyrir
okkar aðstæðurHreyfisport býður upp á vonduð útiæfingataeki frá Norwell sem eru einföld og henta öllum. Tækin eru hönnuð fyrir norrænar aðstæður og hafa reynst vel hér á landi í áratug. **2**

Það eru hjónin Sigurbjörg Gunnarsdóttir og Björgvin Jónsson, sem eru á bak við Hreyfisport.

„Hreyfisport var stofnað árið 2014 en árið 2013 fengum við hjónin umboð fyrir Norwell útiæfingatækin, sem má segja að hafi markað upphaf rekstursins. Ég sagði upp mínu fyrra starfi haustið 2019 og ákvað að leggja allan minn kraft í fyrirtækið, sem hafði verið aukavinna hjá okkur hjónunum fram að því. Í byrjun árs 2020 opnuðum við svo skrifstofu og sýningarsal í Reykjanesbæ,“ segir Sigurbjörg Gunnarsdóttir, íþróttafræðingur og framkvæmdastjóri Hreyfisports. „Hreyfisport selur hágæða líkamsræktartæki sem er hægt að nota bæði innan- og utan-dýra, heilsueflandi skrifstofutæki og endurhæfingartæki, auk þess að veita faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Menntun og reynsla okkar hjónanna gefur fyrirtækinu ákveðna sérstöðu. Sjálf er ég sálfræðimenntaður íþróttafræðingur með viðtæka reynslu á sviði kennslu, þjálfunar og starfsendurhæfingar, en Björgvín er byggingatæknifræðingur og það má segja að Hreyfisport sameini áhugasvið okkar beggja,“ segir Sigurbjörg. „Björgvín er mjög handlaginn og er alveg inni í tækni- og gæðamálum tækjanna, en ég er mjög kröfuhörð á gæði þeirra og finnst fátt skemmtilegra en að aðstoða viðskiptavinum við að finna tæki og búnað við sitt hæfi. Það er hægt að hafa samband við okkur til að fá ráðgjafa í heimsókn sem veitir ítarlega kynningu og upplýsingar.“

Vönduð tæki í stöðugri þróun

„Þegar Björgvín var að vinna í eignaumsýslunni hjá Reykjanesbæ árið 2012 var eitt af verkefnum að finna útiæfingartæki sem myndu þola krefjandi veðráttuna á Reykjanesinu fyrir hreystigarða sem sveitarfélagið var að setja upp. Eftir að garðarnir voru komnir upp á fjörum stöðum í sveitarfélaginu okkar kolféllum við fyrir gæðum tækjanna og hversu góð virkni væri, en það er líka algjör plús að hönnunin er falleg. Skandinavískur einfaldleiki einkennir hana og tækin eiga að falla vel inn í umhverfið,“ útskýrir Sigurbjörg. „Arkitektar Norwell í Danmörku bjóða líka upp á að hanna hreystigarðana út frá staðsetningu og umhverfi þeirra og það fylgja þrívíddarteikningar af garðinum og afstöðumynd til að viðskiptavinir geti átt sig betur á útliti og útkomu áður en hafist er handa við uppsetninguna.

Norwell Outdoor fitness er danskt fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 2007 og er eitt af leiðandi fyrirtækjum á markaði útiæfingartækja í Evrópu og um heim allan. Það eru rúmlega 1.000 Norwell hreystigarðar í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Ástralíu og þeim fjölga ört. Bara hér á landi eru komnir 20 hreystigarðar í yfir 10 sveitarfélögum víðs vegar um landið.

Norwell útiæfingartækin eru einstaklega vönduð og þau hafa verið í stöðugri þróun frá því Norwell kom með fyrstu vörulínuna á markað árið 2007. Það er komin mjög góð reynsla á tækin hér á landi, þar sem fyrstu Norwell hreystigarðarnir voru settir niður árið 2012 í Reykjanesbæ og sá fyrsti í Reykjavík við Brietartún árið 2013,“ segir Sigurbjörg. „Tækin eru líka einföld í notkun og slyshætta lítil þar sem hver og einn notar eigin líkamsþyngd við þjálfunina.

Sæti og snertifletir eru úr gúmmí og liðamót eru ýmist með legum eða sérhertu plasti en tækin sjálf eru úr ryðfríu duftlökkuðu stáli, sem verndar þau einstaklega vel gegn tæringu og eykur endingu.



Norwell útiæfingartækin eru einstaklega vönduð og þau hafa verið í stöðugri þróun frá því Norwell kom með fyrstu vörulínuna á markað árið 2007.



Tækin í hreystigarðum Hreyfisports eru einföld í notkun og slyshætta er lítil, þar sem hver og einn notar eigin líkamsþyngd við þjálfunina.



Það eru komnir upp 20 hreystigarðar í yfir 10 sveitarfélögum víðs vegar um landið.

MYND/ÁSEND



Það er frábært að bjóða fólki upp á æfingartæki undir berum himni þar sem það getur komið saman og æft. Það eflir bæði líkamlega og andlega heilsu.

MYND/ÁSEND

Það er komin mjög góð reynsla á tækin hér á landi, þar sem fyrstu Norwell hreystigarðarnir voru settir niður árið 2012.

Sigurbjörg Gunnarsdóttir

Norwell tækin eru líka sérstaklega hönnuð til að þola norrænt veðurfar, meðal annars seltu, kulda og snjó,“ segir Sigurbjörg. „Tækin eru fyrir alla og við erum með nokkrar vörulínur, þar á meðal tæki sem eru sérhönnuð fyrir þá sem nota hjólastól og líka leiktæki fyrir yngstu kynslóðina. Svo er einnig til „street workout“ lína fyrir þá sem hreyfa sig mikið, sem og borðtennisborð, bekkir og fleira sem hentar vel á almenningsvæði.“

Heilsueflandi og gott fyrir barnafólk

„Mörg sveitarfélög taka þátt í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“, þar sem markmiðið er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnáðarhættum, heilsu og velliðan íbúa,“ segir Sigurbjörg. „Það að bjóða íbúum upp á æfingartæki undir berum himni, þar sem fólk getur komið saman og æft, er frábær þjónusta sem styður vel við markmið heilsueflandi samfélags.

Það er líka algjörlega frábært að þurfa ekki barnapössun þar sem börnin hafa ekki síður gaman af því að hreyfa sig í hreystigarðinum og það eru margir hreystigarðar staðsettir við leikvelli, sem er bráðsniðugt,“ segir Sigurbjörg. „Nýlega var Norwell líka að kynna nýjung hjá sér sem er leiktækjalína. Tækin hafa hingað til verið hugsuð fyrir 13 ára og eldri og það hefur vantað línu sem hentar börnum, hvort sem það er í leikskólum, grunnskólum eða bara í almenningsgördum, þar sem börnin geta verið að hreyfa sig markvisst með foreldrum.

Útivist og hreyfing er frábær blanda og á tímum Covid hafa margir nýtt sér hreyfingu utan-dýra á meðan lokanir stóðu yfir. Hreyfing og heilsuefling almennt hefur aldrei verið mikilvægari en núna, þegar fólk er að byggja sig upp eftir krefjandi tíma,“ segir Sigurbjörg. „Það má heldur ekki gleyma félagslega þættinum. Það að hitta annað fólk í hreystigarðinum í hverfinu getur verið alveg jafn gott fyrir heilsuna og hreyfingin sjálf.“

App sem auðveldar notkun

„Alla Norwell hreystigarða má finna í Norwell Outdoor fitness appinu og þar er líka meðal annars hægt að sjá hvaða garður er næstur manni og hvaða tæki eru þar. Þar má líka finna útskýringarmyndir, myndbönd sem sýna hvernig á að gera æfingarnar og fleira. Við hvetjum alla til að sækja appið og kanna hvar næsti hreystigarður er og prófa að taka æfingu í góðra vana hópi,“ segir Sigurbjörg. „Svo er alltaf tilvalið að stoppa við í göngu- eða hjólatúrnum og taka nokkrar vel valdar æfingar.“ ■

Nánari upplýsingar er að finna á hreyfisport.is, en það er líka hægt að hafa samband í gegnum tölvupóstinn sigurbjorg@hreyfisport.is eða í síma 551-6151.

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

LENGRI
OPNUNARTÍMI
UM HELGINA!

Lau: 11-18
Sun: 12-16



Einnig
fánleg í
barnastærðum



icebreaker®

20-50%
AFSLÁTTUR



OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar
Fjallaskíðabakpokar
Hjólábakpokar • Ferðatöskur

30-50%
AFSLÁTTUR



20-50%
AFSLÁTTUR



30-50%
AFSLÁTTUR



PeakPerformance®

20-50%
AFSLÁTTUR



20-50%
AFSLÁTTUR



AFSLÁTTARBORÐIN
VERÐA Á SÍNUM STAÐ!

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18, sunnudagur 12-16

Bólgur og verkir hurfu með Protis Liðum

Protis sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu á lífvirku fiskprótni úr villtum íslenskum þorski og öðru sjávarfangi. Lífsgæði Péturs Björnssonar gjörbreyttust eftir að hann byrjaði að taka Protis Liði.

Protis Liðir er náttúrulegt fæðubótarefni sem unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorsprótni, fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Pétur er búsettur á Sauðárkróki og starfar sem kerfisstjóri hjá tölvufyrirtækinu Fjölneti, sem hann á og rekur. Pétur hefur alla tíð stundað íþróttir enda segist hann vera keppismaður. Ástæða þess að hann byrjaði að taka inn Protis Liði var ónýtt hné.

Áhrifin komu á óvart

„Ætli ég hafi ekki byrjað að taka Protis Liði vegna verkja í hné. Það var fyrir um það bil sex árum. Annað hnéð er brjósclaust og klippa þurfti til liðþófa. Ég hef farið í tvær aðgerðir vegna þess. Þá hef ég einnig farið í aðgerð út af hinu hnénu. Þar hafa liðþófar einnig verið klipptir auk þess sem sprunga er í brjóska. Þegar ég reyndi að hreyfa mig urðu hnén stökkbólgin, líkt og handbolti að stærð. Þessu fylgdu miklir verkir, til dæmis þegar ég gekk upp tröppur. Mér fannst líka erfitt að sitja lengi í bíl eða flugvél. Það var virkilega erfitt fyrir mig að keyra frá Sauðárkróki til Reykjavíkur,“ útskýrir Pétur.

„Ég hafði ekki mikla trú á Protis Liðum í upphafi, en ákváð að prófa að taka inn fjórar töflur á dag með morgunmatnum. Um sama leyti hætti ég að gleypa Voltaren rapid, sem er bólgueyðandi lyf og fer ekki



Pétur segir að Protis Liðir hafi hentað honum frábærlega og gert honum kleift að fara aftur að hreyfa sig og hjóla, en áður voru allir „demparar“ farnir úr hnján-um. Hann fann mikinn mun á sér eftir fimm daga notkun og honum versnar fljótt ef hann sleppir því að taka Liði.

MYNDR/ADSENDAR

„Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnk- uðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu.“

Pétur Björnsson

á hinn fótinn og skemmdi hann líka. Það má segja að þetta séu týpísk íþróttameiðsl. Ég hljóp mikið á þessum árum og tók þátt í hinum og þessum íþróttum. Þegar maður er vanur að hreyfa sig kemur upp eirðarleysi og pirringur ef það er ekki hægt af einhverjum orsökum. Ég hef reynt ýmislegt en á mjög erfitt með hlaup. Ég hef hins vegar fundið mig á reiðhjólunum enda gerir það mér gott að hjóla. Það er frábært að hjóla hér um sveitirnar, lítill umferð og fátt sem truflar,“ segir Pétur. „Ég fer því út að hjóla á hverjum degi.“

Ginseng hafsins

Skrápur sæbjúgna inniheldur lífvirka efnið kondroitín sulfat. Skrápur sæbjúgna inniheldur einnig hátt hlutfall af sinki, jodi og járn og eru sæbjúgu gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið saponín. Kollagenið sem unnið er úr sæbjúgum inniheldur hátt hlutfall af mikilvægum aminosýrum, sérstaklega tryptófan, auk mangans og nauðsynlegra vítamína fyrir heilbrigð bein, brjóska og liðvökva. ■

Nánari upplýsingar

Protis-vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.



Sæbjúgu eru gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið saponín sem finnst í Protis Liðum.

alveg magnað að strax á fimmta degi eftir að ég byrjaði á Liðum var ég farinn að finna mikinn mun á mér. Sömuleiðis versnaði mér fljótt þegar ég sleppti að taka inn Liði og fékk aftur vonda verki. Protis Liðir hafa hentað mér frábærlega og ég er ekkert að liggja á skoðunum mínum um að þetta gerir mér mjög gott. Ef ég myndi hætta alveg að taka Liði væri ekkert annað í stöðunni en að fara í hnjálidaskipti. Á meðan þetta er í lagi er ég ekkert að hugsa um slíkt.“

Þegar Pétur er spurður hvort hann viti um ástæðu þess að hnén gáfu sig, svarar hann: „Ég slasaðist fyrir rúnum 28 árum þegar ég var að hlaupa utanvegar í Noregi þar sem ég var í námi. Steig illa niður og reif liðþófa, átti síðan að fara í aðgerð sem aldrei varð úr, þannig að fóturinn varð alltaf verri og verri. Ég fór að setja allan þungann

vel í maga. Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnk- uðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu. Ég veit svo sem ekkert hvernig ég á að að útskýra þetta, en það er eins og eitthvað læknið í hnénu með Protis Liðum. Ég gat allt í einu skokkað smá- vegis og hreyft mig. Áður voru allir

„demparar“ farnir úr hnján-um,“ segir hann.

För að geta hjólað

Pétur er kyrrsetumaður þar sem hann starfar við tölvur og finnst því mikilvægt að hreyfa sig. „Ég hjóla mikið. Það gat ég illa gert fyrir sex árum. Það var í rauninni

Hrífandi söngvar um sumar og ást

Næstu tónleikar í Tíbrá tónleikaröðinni verða á þriðjudag. Þar munu sópransöngkonan Hallveig Rúnarsdóttir og píanóleikarinn Árni Heimir Ingólfsson flytja lög eftir þýsk, austurrísk og bandarísk tónskáld.

starri@frettabladid.is

Hrífandi sönglög eftir þýsk, austurrísk og bandarísk tónskáld munu hljóma í Salnum í Kópavogi næsta þriðjudag þegar sópransöngkonan Hallveig Rúnarsdóttir og píanóleikarinn Árni Heimir Ingólfsson bjóða upp á tónleika sem bera heitið Söngvar um sumar og ást. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Tíbrá, sem stendur yfir fram á vor í Salnum.

Hallveig og Árni Heimir hafa unnið mikið saman og segir Hallveig hugmyndina að tónleikunum hafa kviknað eftir að þau höfðu flutt flokkinn Sieben frühe lieder eftir Alban Berg á tónleikum fyrir nokkrum árum. „Okkur langaði mikið að flytja hann aftur því þessi tónsmíð er engu lík. Svo við ákváðum að sækja um í Tíbrá tónleikaröð Salarins og þrjónuðum við tónlist sem okkur fannst kallast skemmtilega á við verk Bergs.“

Miklir söngleikjaódaendur

Þar á meðal eru lög eftir Richard Strauss, sem hún segir lengi hafa verið draumaverkefni þeirra beggja og passi vel við, enda samin örfáum árum á undan flokki Bergs. „Á móti þessum verkum síðróman- tíkunnar í Evrópu völdum við svo verk eftir tvo söngleikjahöf-



Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona.

MYND/FRANCISCO JAVIER JÁREGUI.



Tíbrá tónleikaröðin stendur yfir fram á vor í Salnum í Kópavogi.

unda, Kurt Weill, sem fléttar efnisskrána saman, enda starfaði hann fyrst í Berlín og svo síðar við Broadway í New York, og svo verk George Gershwin sem starfaði líka á Broadway. Við Árni höfum mikið blandað söngleikjatónlist inn í okkar efnisskrár, enda miklir söngleikjaódaendur bæði tvö.“

Heillandi tímabil

Hallveig segir verk Berg og Strauss vera samin á miklu umbrotaskeiði í klassískri tónlist, þar sem lagrænan byrjar að víkja fyrir meiri breidd í tónsmíðum. „Þetta er heillandi tímabil og gaman að glíma við þessa tvo meistara. Söngleikjatónlistina elskum við Árni

- Reynsla af umsjón fasteigna kostur
- Þekking á verklegum framkvæmdum
- Handlagni
- Mjög góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sveigjanleiki
- Góð þekking og skilningur á upplýsingatækni
- Góð íslensku- og enskukunnátta



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022



Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Ester Gústavsdóttir, mannauðsstjóri, esterg@ru.is.

Umsóknum skal skilað á ráðningarvef Háskólans í Reykjavík, jobs.50skills.com/ru/is, fyrir **14. febrúar 2022**. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegur 1 | 102 Reykjavík | S: 599 6200 | hr.is



Framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar

Menningarfélag Akureyrar rekur Leikfélag Akureyrar, Sinfóniuhljómsveit Norðurlands, og Menningarhúsið Hof.

HELSTU VERKEFNI:

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri félagsins
- Yfirumsjón með rekstrar- og fjárhagsáætlanagerð
- Umsjón með mannauðsmálum, mannaforráðum og ráðningum
- Leiðir teymisvinnu sviðsstjóra og vinnur áætlanir í samráði við þá
- Yfirumsjón með öllu bókhaldi, launavinnslu, afstemmingum og uppgjörum
- Eftirfylgni með stefnu félagsins

HELSTU KRÖFUR:

- Haldgóð reynsla af rekstri, stjórnun og starfsmannahaldi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskipta- og leiðtogaþæfileikar
- Frumkvæði, drifkraftur og lausnamiðuð hugsun

Menningarfélag Akureyrar er þungamiðja öflugs menningarstarfs þar sem listir og mannlíf dafnar og blómstrar. Það skapar ný samfélagsleg verðmæti með vandaðri frumsköpun. Hlutverk Menningarfélagsins er að auka lífsgæði og næra samfélagið sem öflugur vettvangur upplifunar, fræðslu, listsköpunar, og viðburða sem uppfylla fjölbreyttar þarfir samfélagsins.

Ástríða, áráðni og fagmennska eru grunnildir og leiðarljós Menningarfélags Akureyrar.

Ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið, sendist á umsoknir@mak.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2022.

Menningarfélag Akureyrar | Strandgötu 12 | Akureyri | 450 1000

Burðarvirkja- hönnuður

exa nordic leitar að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingum til þess að styrkja okkar teymi sérfræðinga í burðarvirkjahönnun og verkefnastjórnun. Starfið felur í sér burðarvirkjahönnun og tengda ráðgjöf í verkefnum af fjölbreyttum toga.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hönnun burðarvirkja
- Gerð útboðsgagna og verklýsinga
- Gerð kostnaðaráætlana
- Önnur almenn verkfræðiráðgjöf, eftirlit, verkefnastjórn, hönnunarstjórn

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði
- Reynsla í notkun hönnunar- og teikniforrita, t.d. Revit og Tekla
- Gott vald á íslensku, ensku og norðurlandamáli er kostur
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þekking á umhverfisvænum lausnum er kostur

exa nordic er ráðgjafafyrirtæki í mannvirkjahönnun sem var stofnað út frá þeirri hugsjón að efla samstarf verkfræðinga og arkitekta. Með það að leiðarljósi bjóðum við upp á burðarvirkjahönnun og verkefnastjórnun þar sem rík áhersla er lögð á upplifun notenda, notagildi, sjálfbærni og hagkvæmni í framkvæmd og rekstri.

Í nánu samstarfi við arkitekta leitumst við eftir því að virkja sérfræðiþekkingu verkfræðinga í listrænni sköpun og mótun verkefna frá fyrstu stígum. Með þeim hætti má stuðla að mannvirkjahönnun þar sem falleg byggingarlist upphefur umhverfi sitt í sátt við náttúru og á sama tíma byggir á traustum verkfræðilegum grunni.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2022

Nánari upplýsingar veitir:
Arnar Björn, arnar.bjornsson@exanordic.com, s. 616 8300.

exa nordic

Sumarstörf

Almenn garðyrkjustörf, flokkstjórar og vélamenn

Störfin tilheyra garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og felast í almennri umhirðu útisvæða s.s. slátt, gróðursetningu og illgresishreinsun í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði.

Ráðningartími er 10-14 vikur frá miðjum maí.

Hæfniskröfur almenn garðyrkjustörf

- Umsækjandi sé fæddur árið 2004 eða fyrr
- Stundvísi og samviseksemi

Hæfniskröfur flokkstjóra

- Reynsla af garðyrkjustörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og samviseksemi

Menntun og hæfniskröfur vélamanna

- Dráttarvélaréttindi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og samviseksemi

Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík fyrir 8. mars 2021, merkt „Sumarstörf“.

Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.kirkjugardar.is og senda rafrænt.

Garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar

Laus er til umsóknar staða garðyrkjustjóra á skipulags- og umhverfissviði Seltjarnarnesbæjar. Garðyrkjustjóri hefur yfirumsjón með vinnuskólanum og annast rekstur hans. Auk þess hefur hann faglega og rekstrarlega umsjón með stofnanalóðum, útivistarsvæðum, leiksvæðum og öðrum opnum svæðum kaupstaðarins.

Garðyrkjustjóri starfar á skipulags- og umhverfissviði og hefur undir sinni stjórn sumarstarfsfólk garðyrkjudeildar og vinnuskóla. Garðyrkjustjóri er með starfsstöð í Þjónustumiðstöð og starfar samhliða öðrum starfsmönnum þess.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með rekstri vinnuskólans.
- Umsjón með umhirðu og viðhaldi stofnanalóða, leikvalla og opinna svæða.
- Kemur að skipulagsvinnu stofnanalóða, leikvalla og opinna svæða.
- Vinnur að ræktun plantna og trjáa í bæjarlandinu.
- Annast skipulagningu verkefna á sviði garðyrkju.
- Hefur umsjón og eftirlit með öryggi leiktækja.
- Stýrir verkum sumarstarfsmanna og/eða verktaka.
- Vinnur að verk- og fjárhagsáætlunum.
- Umsjón með tækja- og áhaldakaupum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í garðyrkju eða sambærilegt.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Reynsla af áætlanagerð er æskileg.
- Rík þjónustulund, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni.

Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni til starfsins. Vakinn er athygli á að starfið hentar öllum kynjum.

Nánari upplýsingar veitir Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar í síma 595 9100 eða brynjarj@seltjarnarnes.is

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Seltjarnarnesbæjar og viðkomandi stéttarfélags. Jafnlaunavottun er í gildi hjá Seltjarnarnesbæ.



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

STARF

Elskar þú skipulag og tækni?

Við leitum að tæknimenntuðum og skipulögðum einstaklingi sem vill bæstast í hóp starfsmanna okkar á Þjórsársvæði. Starfið felur í sér tæknilega aðstoð við rekstur, viðhald og bilanagreiningu búnaðar í afstöðvum á svæðinu.

Meðal annarra verkefna eru áætlanagerð og kostnaðargreining við innkaup á búnaði, að vera tengiliður við framkvæmda- og endurbótaverkefni og vinna með tæknigagnasafn og teikningar á svæðinu.

Æskileg hæfni:

- Menntun á vélasviði; vélfræði, iðnfræði, tæknifræði
- Þekking og áhugi á rekstri, viðhaldi og hönnun á sviði vélbúnaðar
- Þekking og áhugi á verkefnastjórnun
- Samskiptafærni og metnaður til að vera hluti af öflugri liðsheit
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Tölvu- og hugbúnaðarfærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Norðurlandtungumál er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar

Fyrirspurnir má senda á starf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/laus-storf

Viltu taka þátt í að EFLA samf

EFLA starfrækir starfsstöðvar í Noregi, Svíþjóð, Póllandi, Skotlandi og Íslandi. Á Íslandi er lögð mikil áhersla á nærþjónustu um allt land og starfar stór hluti starfsfólks EFLU á landsbyggðinni. Öll starfsemi EFLU byggir á t samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Gildi EFLU eru hugrekki, samvinna og mikið upp úr því að fá til liðs við okkur kraftmikið, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk sem skarar fram úr á sí

STÖRF Í REYKJAVÍK

IÐNAÐARSVIÐ

Hönnuður stjórnkerfa
Stjórnkerfi

Hönnuður í sjálfvirkni
Techla

Tækniteiknari
Raf- og fjarskipti

Raflagnahönnuður
Raf- og fjarskipti

Upplýsingar veitir
Skúli Björn Jónsson
skuli.jonsson@efla.is

BYGGINGASVIÐ

Sérfræðingur í burðarvirkjum
Burðarvirki

Tækniteiknari
Burðarvirki

Sérfræðingur í hljóðvist
Hljóð, bruni og CFD

BIM verkefnastjóri
Verkefnastjórnun

Lýsingarhönnuður
Rafkerfi og lýsing

Sérfræðingur í byggingatækni
Byggingatækni

**Sérfræðingur í lagna-
og loftræsihönnun**
Lagnir og loftræsikerfi

Upplýsingar veitir
Ólafur Ágúst Ingason
olafur.ingason@efla.is

ORKUSVIÐ

**Byggingar- verkfræðingur/
tæknifræðingur**
Raforkumannvirki (erlent)

Upplýsingar veitir
Guðmundur M. Hannesson
guðmundur.m.hannesson@efla.is

SAMFÉLAGSSVIÐ

**Sérfræðingur og verkefnisstjóri
í brúarverkfræði**
Brýr og Hafnir

Sérfræðingur í hafnarmannvirkjagerð
Brýr og Hafnir

Upplýsingar veitir
Magnús Arason
magnus.arason@efla.is

Landslagsarkitekt

Upplýsingar veitir
Ómar Ingþórsson
omar.ingthorsson@efla.is

Pípulagningamaður
Vatnsmiðlar

Upplýsingar veitar
Anna Heiður Eydísardóttir
anna.eydisardottir@efla.is

Veghönnuður
Vegir og mælingar

Upplýsingar veitir
Hjálmar Skarphéðinsson
hjalmar.skarphedinsson@efla.is

STÖRF Á LANDSBYGGÐINNI

NORÐURLAND

Veghönnuður
Péttbýlistækni

Upplýsingar veitir
Hjalti Már Bjarnason
hjalti.mar.bjarnason@efla.is

VESTFIRÐIR

Byggingar- verkfræðingur/tæknifræðingur
Byggingarsvið

Raflagnahönnuður
Raflagnahönnun

Upplýsingar veitir
Samúel Orri Stefánsson
samuel.orri.stefansson@efla.is

AUSTURLAND

Sérfræðingur í burðarvirkjum
Byggingasvið

Upplýsingar veitir
Elis B. Eiríksson
elis.eiriksson@efla.is

Tækniteiknari
Byggingasvið

Upplýsingar veitir
Einar Andresson
einar.andresson@efla.is



Élagið?

að bjóða upp á
teymishugsun þar sem
og traust og leggjum við
nu sviði.



STÖRF Í NOREGI

NOREGUR

Sérfræðingur í burðarvirkjum
Bygg - Konstruksjonsteknikk

Rafmagnsverkfræðingur/tæknifræðingur
Bygg - Elektro

Upplýsingar veitir
Rune Jerstad
rune.jerstad@efla.no

Veghönnuður
Samferdsel - Veg & Trafikk

Upplýsingar veitir
Arnar Þór Stefánsson
arnar.stefansson@efla.no



SUMARSTÖRF 2022

EFLA leitar að efnilegum, hugmyndaríkum og metnaðarfullum nemum í sumarstörf með framtíðarvinnu í huga. EFLA leggur áherslu á að veita nýjum starfsmönnum tækifæri á að axla ábyrgð í verkefnum og þróast í starfi og greiðir EFLA sumarstarfsfólki samgöngustyrk/strætókort ef komið er til vinnu með vistvænum hætti.

Ráðnir verða sumarstarfsmenn á öllum sviðum og svæðum fyrirtækisins og ef þú leitar að afþreyingu starfsumhverfi og áhugaverðum starfsvettvangi í alþjóðlegu umhverfi með hressu samstarfsfólki þá gætum við átt samleið. Umsókn í sumarstarf með upplýsingum um menntun, einkunnir og starfsreynslu skal berast í gegn um ráðningavef EFLU fyrir **1. mars 2022**.

Við vinnum fjölbreytt verkefni í teymum þvert á sviðum og svæðum og leggjum því mikið upp úr því að bjóða uppá störf án staðsetningar. Þetta þýðir að þó þú sért staðsett/ur út á landi þá getur þú unnið með teymum í RVK og öfugt.

EFLA er jafnlaunavottað fyrirtæki, með skýra jafnréttisstefnu og leitumst við að því að jafna kynjahlutfall innan hinna ýmsu starfa hjá okkur. Við hvetjum því öll kyn til að sækja um. Umsóknir um starf, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum ráðningavef EFLU efla.is/laus-storf fyrir **15. febrúar 2022**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Embætti forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Tryggingastofnunar. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. apríl nk.

Forstjóri stofnunarinnar ber m.a. ábyrgð á að hún starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Ráðuneytið leitar að farsælum stjórnanda sem hefur þekkingu og reynslu á málefnasviðum stofnunarinnar.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur.
- Farsælli reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Þekkingu og reynslu á málefnasviðum stofnunarinnar.
- Þekkingu á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Mjög góðri hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustumiðuðu hugarfari ásamt leiðtogafileikum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Metnaði og vilja til að ná árangri

Tryggingastofnun heyrir undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og er ein veigamesta opinbera þjónustustofnun landsins. Hlutverk stofnunarinnar er að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni.

Hjá Tryggingastofnun starfa um 100 manns við að leysa flókin verkefni og veita stórum hópi landsmanna þjónustu. Stofnunin leggur áherslu á að hafa í sínum röðum hæft starfsfólk til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem hún ber ábyrgð á. Starfsmönnum er boðið upp á fjölskylduvænt starfsumhverfi með sveigjanlegum vinnutíma.

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.

Umsóknir skulu fylltar út á starfatorg.is og þeim skal fylgja starfsferilskrá ásamt fylgigögnum um menntun og árangur í starfi og kynningarbréfi þar sem tilgreind er ástæða umsóknar.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn, skv. 1. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Þriggja manna hæfnisnefnd skipuð af félags- og vinnumarkaðsráðherra, metur hæfni umsækjenda og lætur ráðherra í té skriflega rökstudda umsögn um hæfni þeirra.

Nánari upplýsingar veitir Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri, gissur.petursson@frn.is

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Viltu kenna?

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavíkur hefur markað sér þá stefnu að fjölga fastráðnum kennurum við deildina og auglýsir nú eftir umsóknum í þrjár stöður lektora, dósenta eða prófessora og verður starfsheiti ákvarðað út frá formlegu hæfnismati. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

● Fjármál

STARFSSVIÐ:

- Rannsóknir á sviði fjármála fyrirtækja og tengdra sviða.
- Kennsla í fjármálum fyrirtækja, alþjóðafjármálum, afleiðum, virðismati og/eða eignastýringu í grunnnámi og meistaranámi.
- Leiðsögn lokaverkefna nemenda í grunnnámi og framhaldsnámi.
- Þátttaka í stjórnáslu deildarinnar, þar með talin þróun á námslínunum og námsframboði.

● Stjórnun

STARFSSVIÐ:

- Rannsóknir á sviði stjórnunar fyrirtækja og skipulagsheilda.
- Kennsla í stjórnun fyrirtækja, stjórnun virðisæðju, rekstrarstjórnun eða skildum greinum í grunnnámi og meistaranámi.
- Leiðsögn nemenda í grunnnámi og framhaldsnámi.
- Þátttaka í stjórnáslu deildarinnar, þar með talin þróun á námslínunum og námsframboði.

● Atferlishagfræði

STARFSSVIÐ:

- Rannsóknir á sviði atferlishagfræði, empírískri rekstrarhagfræði eða skyldum greinum.
- Kennsla í atferlishagfræði, tölfraði, aðferðarfræði og/eða skildum greinum í grunnnámi og meistaranámi.
- Leiðsögn nemenda í grunnnámi og framhaldsnámi.
- Þátttaka í stjórnáslu deildarinnar, þar með talin þróun á námslínunum og námsframboði.

HÆFNISKRÖFUR:

Fjármál

- Doktorspróf í viðskiptafræði eða tengdum greinum.

Stjórnun

- Doktorspróf í fjármálafræði eða tengdum greinum.

Atferlishagfræði

- Doktorspróf í hagfræði eða tengdum greinum.

AÐRAR HÆFNISKRÖFUR:

- Færni og reynsla af rannsóknarstörfum staðfest af birtum ritverkum á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi.
- Reynsla af háskólakennslu og metnaður í þróun kennsluaðferða.
- Framúrskarandi enskukunnátta er skilyrði.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu.

UMSÓKNIR

Umsóknum skal skilað á ráðningarvef Háskólans í Reykjavík, jobs.50skills.com/ru/is eigi síðar en **7. mars**. Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsóknum:

- Umsóknarbréf þar sem fram kemur hvort umsækjandi sækir um starf lektors, dósents eða prófessors.
- Starfsferilskrá ásamt ritaskrá.
- Afrit af viðeigandi prófskríteinum.
- Yfirlit um fyrirhugaðar rannsóknir (e. research statement).
- Afrit af þremur til fimm birtum ritverkum.
- Yfirlit um fyrirhugaða kennslu og nálgun umsækjanda í kennslu (e. teaching statement).
- Gögn til vitnis um árangur í kennslu.
- Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri og geta stutt umsóknina.

Nánari upplýsingar veita dr. Jón Þór Sturluson (jonthor@ru.is) forseti viðskiptadeildar og Ester Gústavsdóttir (esterg@ru.is) mannauðsstjóri. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.



Í Háskólanum í Reykjavík er lögð áhersla á að skapa alþjóðlegan vinnustað sem fagnar fjölbreytileika og einkennist af virðingu fyrir einstaklingum og störfum þeirra. Skólinn tekur þátt í flutningskostnaði fyrir nýja kennara sem flytja frá útlöndum. Veitt eru jöfn tækifæri til stöðuveitinga og launa samkvæmt siðareglum og jafnréttisáætlun HR. Akademískar deildir HR eru sjö: iðn- og tæknifræðideild, lagadeild, viðskiptadeild, tölvunarfræðideild, verkfræðideild, sálfræðideild og íþróttufræðideild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3700 í sjö deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Viðskiptadeild HR býður upp á nám í viðskiptafræði og hagfræði í grunnnámi og níu mismunandi námsbrautir í meistaranámi, þ.m.t. í fjármálum fyrirtækja. Við deildina eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir í viðskiptafræði, fjármálum og hagfræði og starfrækt rannsóknasetur í nýsköpunarfræðum og í markaðsfræði.



YFIRLÆKNAR HJÁ HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) auglýsir laus störf yfirlækna. Um er að ræða ábyrgðarmikil og krefjandi störf þar sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika.

YFIRLÆKNIR GÖNGUDEILDAR SÓTTVARNA

Göngudeild sóttvarna sinnir berklæfirliti og berklameðferð á landsvísu sem felur í sér ábyrgð á og samræmingu greiningar, skráningar og meðferð berklatilfella.

Göngudeildin sinnir einnig forskoðun innflytjenda og hælisleitenda, ásamt ferðamannaheilsuvernd.

Starfsemi Göngudeildar sóttvarna felst í sóttvarnastarfi í samræmi við Sóttvarnalög 19/1997 og reglugerðir.

Göngudeild sóttvarna tekur þátt í alþjóðasamvinnu m.a. við Alþjóðaheilbrigðis- málstofnunina (WHO) og Evrópsku sóttvarnastofnunina (ECDC) í samvinnu við sóttvarnalækni.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er til og með 28.02.2022.

YFIRLÆKNIR ÖLDRUNARÞJÓNUSTU

Um er að ræða nýtt starf sem felur m.a. í sér uppbyggingu og skipulagningu öldrunarþjónustu HH ásamt klínískri vinnu í þjónustu við aldraða og ráðgjöf til heilsugæslustöðva HH um málefni aldraða. Yfirlæknir hefur yfirumsjón með skipulagi og starfsemi ásamt útfærslu þjónustunnar. Hann sinnir einnig ráðgjöf og fræðslu til starfsmanna, notenda og aðstandenda.

Hér er um spennandi tækifæri að ræða til að þróa starf og móta.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er til og með 21.02.2022.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dóra Magnúsdóttir - sigridur.d.magnusdottir@heilsugaeslan.is - 513 5300.

Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf.



VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA



Lögfræðingur

Umboðsmaður barna auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á skrifstofu embættisins. Umboðsmaður barna starfa samkvæmt lögum nr. 83/1994 og eru verkefni embættisins fjölbreytt, skemmtileg og krefjandi.

Hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Góð þekking á réttindum barna.
- Reynsla á sviði stjórnsýslu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti. Þekking á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð, frumkvæði, faglegan metnað og hæfni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélagis lögfræðinga. Ráðningartími verður eitt ár með möguleika á framlengingu. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veita Salvör Nordal, umboðsmaður barna og Guðríður Bolladóttir, yfirlögfræðingur í gegnum netfangið ub@barn.is.

Umsóknarfrestur er til **21. febrúar** og verður öllum umsóknunum svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sótt er um starfið á Starfatorgi.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Kynningarstjóri

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) óskar eftir að ráða kynningarstjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða starf sem snýr að markvissri miðlun og kynningu á starfsemi félagsins, stefnu og baráttumálum hjúkrunarfræðinga. Viðkomandi mun bera ábyrgð á samræmingu kynningarmála, gerð kynningarefnis og samskiptum við fjölmiðla.

■ Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á kynningarmálum félagsins
- Upplýsingamiðlun til innlendra og erlendra fjölmiðla
- Gerð kynningarefnis og birtingaráætlun fyrir alla miðla
- Ábyrgð á ritstjórn og þróun vefs og annarra samfélagsmiðla félagsins
- Þátttaka í stafrænni þróun félagsins
- Árangursmælingar og eftirfylgni
- Þátttaka í öðrum verkefnum sem tengjast starfi og þjónustu félagsins
- Skipulag, kynning og framkvæmd viðburða í samstarfi við starfsmenn félagsins

■ Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðs- og kynningarstörfum
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Reynsla af textaskrifum og miðlun upplýsinga
- Mjög góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti og hæfni til að setja fram efni á skýran hátt
- Góð tölvukunnátta, þekking á innsetningu efnis á vefsíður og samfélagsmiðla
- Leikni í mannlegum samskiptum, hugmyndaauðgi og sveigjanleiki
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileiki

Umsóknarfrestur er til og með **10. febrúar 2022**. Umsóknnum skal skila rafrænt á formadur@hjukrun.is, ásamt ferilskrá og ítarlegu kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Um er að ræða 80 - 100% starf sem fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Pálsdóttir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í gegnum netfangið gudbjorg@hjukrun.is

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þjónar rúmlega 4.500 félagsmönnum um allt land. Hjá okkur starfar öflugur hópur fólks sem hefur það hlutverk að vinna að hagsmunagæslu á sviði kjara- og réttindamála hjúkrunarfræðinga ásamt þátttöku þeirra í þróun og stefnumótun á hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustu landsins. Gildi félagsins eru *ábyrgð, áræðni og árangur* og tekur ráðning mið af þeim.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á vefsíðu þess www.hjukrun.is



Við erum að leita að þér!

TÖFRANDI TÆKNITÝPA

Vörustjóri í vöru- og virðisstýringu

Færðu fiðring í magann þegar von er á tilkynningu frá tæknirísunum? Áttu erfitt með að festa svefn ef þú hefur ekki handleikið nýjasta símann á markaðinum? Ert þú týpan sem veist allt um nýjustu tækni og elskar að segja fólkinu í kringum þig frá því? Þá erum við að leita að þér!

Við hjá **Vodafone** og **Stöð 2** erum að leita að leiðtoga til að ganga til liðs við frábæran hóp vörustjóra í vöru- og virðisstýringu. Viðkomandi mun hafa yfirumsjón með vöruframboði verslana Vodafone, vali á endabúnaði til viðskiptavina auk þess að vera talsmaður fyrirtækisins í málaflokknum út á við.

ERTU ÖRUGGLEGA MEÐ'ETTA?

Gæða- og öryggisstjóri

Hugsar þú tvö skref fram í tímann og ert viðbúinn öllum þeim áskorunum sem á vegi þínum verða? Hefur þú ástríðu fyrir því að gera gott betra og ert stöðugt að koma auga á tækifæri til að einfalda hlutina? Þá erum við að leita að þér!

Vodafone og **Stöð 2** leita að drífandi, skipulögðum og skemmtilegum aðila til að leiða gæða- og öryggismál félagsins. Fyrirtækið er skráð félag í Kauphöll Íslands og ber skylda til að uppfylla ýmsa gæðastaðla því tengdu auk þess sem félagið hefur sjálf sett sér gæðaviðmið á hinum ýmsu sviðum. Viðkomandi mun hafa yfirumsjón með innri og ytri útteknum og áhættumati þvert á félagið. Starfið heyrir beint undir aðallögfræðing á skrifstofu forstjóra.

UPPLIFUN VIÐSKIPTAVINA

Vörustjóri viðskipta- og þjónustuferla

Brennur þú fyrir góðri og skilvirkri þjónustu? Hefurðu sérstakan áhuga á upplifun og ánægju viðskiptavina? Hefurðu reynslu af viðskiptatengslum og þrífst vel í umhverfi breytinga? Þá erum við að leita að þér!

Vodafone og **Stöð 2** leita að vörustjóra viðskipta- og þjónustuferla (e. CRM) til að ganga til liðs við nýja og metnaðarfulla einingu innan fyrirtækisins, Upplifun viðskiptavina (e. Customer experience).

Viðkomandi mun hafa yfirumsjón með frampróun og árangri stafrænna viðskiptatengsla í samvinnu við helstu hagaðila auk þess að vera ábyrgur fyrir vöruáætlun (e. product roadmap) viðskiptatengsla.

Sýn er leiðandi fyrirtæki á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfar fjölbreyttur hópur fólks í krefjandi og spennandi verkefnum.

Ef þú vilt taka þátt í spennandi vegferð fyrirtækis á fleygiferð inn í framtíðina gæti þetta verið tækifæri fyrir þig!

Við hvetjum áhugasama af öllum kynjum til að sækja um í gegnum ráðningavefinn okkar, radningar.syn.is.

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar nk. Nánari upplýsingar veitir Kristín Gestsdóttir, mannauðsráðgjafi, kristinge@vodafone.is

Sæktu um á radningar.syn.is





JARÐBORANIR



VERKEFNASTJÓRI

Jarðboranir leita að öflugum aðila í verkefnastjórn við borframkvæmdir félagsins. Í dag eru fyrirliggjandi verkefni á Íslandi, Azoreyjum, Dominica og Nýja Sjálandi. Í starfinu felast fjölbreytt verkefni sem snúa meðal annars að undirbúningi borverkefna, rekstri, innkaupum, tæknimálum og starfsmannamálum auk samskipta við viðskiptavini og ýmsa hagsmunaaðila. Starfið felur í sér ferðalög og og mögulega tímabundna búsetu erlendis við stjórnun verkefna. Viðkomandi er hluti af þverfaglegu stjórnendateymi þar sem fyrir er sérfræðipækning á sviði borframkvæmda.

Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, mannaússtjóri í síma 585-5290 eða torfip@jarðboranir.is.
Sækja skal um starfið á www.jarðboranir.is fyrir 14. febrúar næstkomandi.

Jarðboranir er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpbörum eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota hátæknibora og er með starfsemi víðsvegar um heiminn. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.jarðboranir.is.

Menntun- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði, tæknifræði eða skyldum greinum
- Mjög gott vald á ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af rekstri og starfsmannahaldi
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

Borealis DATA CENTER

Borealis Data Center is looking to add quality team players to an already dedicated team to help build and operate our sustainable data centers, located at Blönduós and Fitjar, Iceland.

Currently we are looking to fill three positions.

Please submit your application via alfred.is where all three positions are listed.

The Application deadline is 20th of February, 2022.

Senior Project Engineer

Tasks and responsibilities include:

- Manage individual tasks throughout the construction process
- Work closely with Operations to coordinate ongoing construction activities on campus
- Enforce project quality controls and safety programs
- Coordinate with finance department and report progress to management
- Assist construction manager in preparing monthly financial updates and forecasts
- Drive internal and external project requirements

Requirements:

- Bachelor of Science in Construction Management, Project Management, comparable studies or experience
- 3+ years as a Project Engineer, assisting or supervising construction projects of increasing complexity
- Flexible and able to travel to construction sites
- Data center experience is an advantage
- Good knowledge of English in speech and writing
- Excellent communication skills

IT Network and Systems Administrator

Tasks and responsibilities include:

- Support, install and maintain networks and in-house servers
- Support and administer in-house applications
- Supervision and management of daily backups
- Daily operation of software, server, and peripheral equipment
- Linux and Python scripting

Requirements:

- Education in Computer Science, Systems Engineering, comparable studies or experience
- Experience with operating virtual, Linux and Windows servers
- Knowledge and experience with Microsoft 365 cloud solutions and software
- Highly aware of information security practices
- Good knowledge of Icelandic and English in speech and writing

Data Center Technician

Tasks and responsibilities include:

- Installation, monitoring, maintenance, and updates of computer equipment
- Supervision and maintenance of the data center's infrastructure
- Technical support
- Fault analysis and response
- Maintain detailed event logs


Requirements:

- Vocational training or technical education and/or 2 years of relevant experience
- Experience in computer repair and programming is an advantage
- Knowledge of industrial controls and networks is an advantage
- Driving license
- Good knowledge of Icelandic and English in speech and writing

Borealis Data Center | info@bdc.is | bdc.is



HAGVANGUR



Skilvirkt skattkerfi er allra hagur!

Spennandi störf á Eftirlits- og rannsóknasviði

Skatturinn leitar að öflugum liðsauka til að takast á við nýjar áskoranir og krefjandi viðfangsefni sameinaðrar starfsemi skatteftirlits og skattrannsóknna. Einstakt tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu og stefnumótum á nýjum tímamótum með frábæru samstarfsfólki.

Í boði eru stöður sérfræðinga á nýstofnuðu Eftirlits- og rannsóknasviði innan Skattsins. Helstu verkefni felast í úrvinnslu eftirlits- og rannsóknarverkefna gagnvart lögaðilum og einstaklingum, ásamt ákvörðunum um beitingu viðurlaga vegna mögulegra skattundanskota og vantalinna skattstofna. Einnig er um að ræða úrlausn fjölbreyttra lögræðilegra álitaefna innan sviðsins.

Menntun og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskiptafræði, lögræði eða hagfræði (lágmark er B.S./B.A. gráða en meistara-gráða er æskileg)
- Þekking á reikningsskilum, málsmeðferðarreglum og almennri skattframkvæmd æskileg
- Þekking á stjórn-sýslurétti æskileg

Hæfni

- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli er skilyrði, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og geta til að vinna undir álagi
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hreint sakavottorð

Sótt er um starfið á skatturinn.is eða starfatorg.is. Ferilskrá þarf að fylgja, auk kynningarbréfs með upplýsingum um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila o.fl. sem máli skiptir. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Gunnarsdóttir í síma 442-1000 eða á kristin.gunn@skatturinn.is

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.
Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2022.



442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023



Skrifstofustjóri á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála

Innviðaráðuneytið leitar að öflugum stjórnanda, sem hefur brennandi áhuga á málefnum sveitarfélaga og byggðamálum, til að stjórna skrifstofu sveitarfélaga- og byggðamála hjá ráðuneytinu.

Innviðaráðuneytið er öflugt ráðuneyti þar sem saman fara sveitarstjórnarmál, byggðamál, skipulagsmál, húsnæðismál og samgöngumál. Áætlanir í þessum málaflokkum eru samhæfðar.

Hlutverk skrifstofunnar er að styðja við eflingu sveitarstjórnarstigsins og sjálfbærni byggða um land allt.

Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun í sveitarstjórnar- og byggðamálum, þróun löggjafar og regluverks og framkvæmd laga sem varða málaflokka skrifstofunnar. Skrifstofan tekur virkan þátt í samhæfingu áætlana í málaflokkum ráðuneytisins og annast eftirlit og umsjón með stjórnsýslu og skipulagi sveitarfélaga.

Við leitum að einstaklingi sem vill ná árangri fyrir samfélagið. Í því felst að nýta tækifæri til að efla sveitarfélög með nýsköpun og þróun byggðar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Skrifstofustjóri ber ábyrgð á rekstri skrifstofunnar og stjórnun starfsfólks hennar í samræmi við áætlanir og markmið
- Annast skipulagningu á faglegu starfi og verkaskiptingu í daglegum verkefnum
- Hefur umsjón með stefnumótun í málaflokkum og áætlunum, forgangsörðun og framkvæmd verkefna, í samræmi við áætlanir, umbótum og þróun
- Tekur virkan þátt í samhæfingu áætlana á málefnaviði ráðuneytisins
- Samstarf og samskipti við aðrar skrifstofur ráðuneytisins, önnur ráðuneyti, stofnanir og hagaðila

Hæfnikröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun skilyrði eða umfangsmikil stjórnunarreynsla sem nýtist í starfi
- Árangursrík reynsla af stjórnun
- Árangursrík reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Framsýni, drifkraftur, metnaður og skipulagshæfni
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Afburða hæfni til að tjá sig og eiga samskipti í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Hæfni til að skapa liðsheid ásamt jákvæðu og lausnamiðuðu hugarfari

Skipað verður í embættið til 5 ára frá og með 1. maí 2022. Um er að ræða fullt starf.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert. Umsókn skal skila rafrænt á netfangið srn@srn.is. Þeim skal fylgja ítarleg starfsferilskrá, þar sem fram koma upplýsingar um menntun og fyrri störf, ásamt kynningarbréfi með upplýsingum um ástæðu umsóknar og árangur sem umsækjandi hefur náð í starfi og telur að nýtist embættinu. Ráðuneytið hvetur alla hæfa einstaklinga til að sækja um, óháð kyni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, ragnhildur.hjaltadottir@srn.is eða 545-8200. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum **28. febrúar 2022**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

KRÓNAN

Mmm...

GIRNILEGAR STÖÐUR Í KRÓNUNNI!

Gæða- og umbótastjóri

Við í Krónunni óskum eftir að ráða öflugan gæða- og umbótastjóra í ávaxta- og grænmetisteymið okkar.

Krónan elskar allt grænt og gómsætt og leggjum við mikla áherslu á að vera með fyrsta flokks úrval af grænmeti og ávöxtum. Þrátt fyrir lágt vöruverð gefum við engan afslátt af ferskleikanum og leitum á hverjum degi leiða til þess að gera úrvalið okkar ferskara, hollara og fjölbreyttara.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á virku gæðaeftirliti í ávaxta- og grænmetisdeild og að halda rýrnun í lágmarki
- Eftirlit með vöntun/offramboði í verslunum og skipulagning á dreifingu milli verslana
- Samskipti og pantanir við birgja og ytri aðila í samstarfi við vöruflökkastjóra
- Hafa frumkvæði að umbótum sem leiða til aukinna gæða og hagkvæmni
- Þjálfun og fræðsla til starfsmanna ásamt daglegum samskiptum við verslanir
- Samskipti og pantanir við birgja og ytri aðila í samstarfi við vöruflökkastjóra

Hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfni og þjónustulund
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð greiningarhæfni
- Reynsla af Navision og AGR er kostur
- Reynsla af matvöru-markaði er kostur
- Góð íslensku og ensku-kunnátta
- Menntun sem tengist starfinu er kostur

Sölufulltrúi eigin vörumerkja

Í boði er krefjandi, fjölbreytt og spennandi starf fyrir öflugan einstakling til að sinna starfi sölufulltrúa eigin vörumerkja hjá Krónunni.

Um er að ræða eftirfylgni með eigin vörumerkjum Krónunnar með daglegum heimsóknum og samskiptum við verslanir um allt land og innkaupadeild Krónunnar.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Hámarka sölu og árangur eigin vörumerkja í samstarfi við vöruflökkastjóra Krónunnar
- Fylgja eftir vöruvali og framsetningu eigin vörumerkja Krónunnar í samstarfi við verslanir
- Hafa eftirlit með vöntun/offramboði í verslunum
- Skapa ný viðskiptatækifæri í samstarfi við verslanir og vöruflökkastjóra
- Vinna náið með starfsfólki Krónu verslana
- Reynsla af sölustarfi til matvöruverslana er kostur

Hæfniskröfur:

- Góð samskiptafærni og þjónustulund
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð greiningarhæfni
- Þekking, reynsla og áhugi á þjónustu við matvöru-verslanir er kostur
- Góð íslensku og enskukunnátta

Krónan býður upp á fjölbreyttan og metnaðarfullan vinnustað þar sem hægt er að hafa áhrif og leiða verkefni með sýnilegum árangri. Hjá Krónunni starfa um þúsund manns, við eigum ánægðustu viðskiptavinina 5. árið í röð og erum með jafnlaunavottun VR.

**Tekið er á móti umsóknum á www.kronan.is/atvinna
Umsóknarfrestur er til og með 9.febrúar**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Friðrik Jóhannesson, bjarnij@kronan.is, deildarstjóri innkaupa og vöruflökkastýringu hjá Krónunni.



www.kronan.is

SÉRFRÆÐISTÖRF VIÐ MANNAUÐSRÁÐGJÖF

Fjársýsla ríkisins sinnir þjónustu á sviði mannaúðsmála sem felst í ráðgjöf og stuðningi við ríkisaðila við lausn og túlkun kjarasamninga og stjórn mannaúðsmála. Fjársýslan ber ábyrgð á launaafgreiðslu ásamt rekstri og þróun fjárhags- og mannaúðskerfa ríkisins. Ríkisaðilar eru tæplega 200 talsins og heildarfjöldi starfsfólks um 21 þúsund. Leitað er að lausnamiðuðum og metnaðarfullum einstaklingum í öflugt teymi sérfræðinga á þessu sviði þar sem áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og vandaða þjónustu.

LÖGFRÆÐINGUR

Leitum að öflugum lögfræðingi með þekkingu og reynslu af kjaramálum, vinnurétti og opinberri stjórnsýslu.

HÆFNIKRÖFUR

- Háskólamenntun í lögfræði
- Meistaragráða sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking og reynsla af kjaramálum, vinnurétti og opinberri stjórnsýslu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og metnaður
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð íslenskukunnátta

SÉRFRÆÐINGUR

Leitum að öflugum sérfræðingi með þekkingu og reynslu af vinnurétti, mannaúðs- og kjaramálum.

HÆFNIKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Meistaragráða í mannaúðstjórnun er kostur
- Þekking og reynsla af kjaramálum og vinnurétti
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og metnaður
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð íslenskukunnátta

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Starfshlutfall er 100% • Umsóknarfrestur er til og með 15.02.2022 • Sótt er um á www.starfatorg.is • Nánari upplýsingar veita: Helga Jóhannesdóttir • helga.johannesdottir@fjs.is • 545-7500 Pétur Ó. Einarsson • petur.einarsson@fjs.is • 545-7500



Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála og veitir fjölbreytta þjónustu á sviði fjármála og mannaúðsmála. Þar starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga sem hefur gildin
ÞEKING - ÁREIDANLEIKI - ÞJÓNUSTA að leiðarljósi.



www.fjs.is

VERKÍS

Fagleiðtogi sjálfbærni

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga. Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Við byggjum upp sjálfbær samfélög víða um heim með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku - allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.

Við leitum að metnaðarfullum leiðtoga til að leiða ráðgjöf á sviði sjálfbærni í okkar öfluga hópi. Umsækjandi þarf að hafa brennandi áhuga og yfirgripsmikla þekkingu á öllu sem tengist sjálfbærri þróun í hönnun og mannvirkjagerð. Verkefni okkar eru víða um heim, því er mikilvægt að umsækjandi hafi gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.

Leiðtogi sjálfbærni tekur þátt í ráðgjöf á sviði sjálfbærni. Hann ber jafnframt ábyrgð á þróun málaflokksins í daglegri starfsemi Verkís og stýrir þverfaglegu teymi hönnuða á sviði skipulags, orku, innviða og mannvirkjagerðar. Leiðtogi sjálfbærni vinnur með öðrum stjórnendum að miðlun þekkingar til starfsfólks og tekur þátt í verkefnaöflun og tilboðsgerð.

Hæfniskröfur

- Próf í sjálfbærni, verkfræði, umhverfisfræði eða annað háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Víðtæk þekking á vistvænni hönnun
- Þekking á kröfum, stöðlum og reglum er varða sjálfbærni
- Kunnátta í lífsferilsgreiningum og greiningu lífsferilskostnaðar
- Reynsla af stjórnun verkefna er nauðsynleg
- Mikil hæfni í að miðla þekkingu og reynslu
- Góðir stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veitir

Elin Greta Stefánsdóttir mannaúðsstjóri, egs@verkis.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2022. Sótt er um á umsokn.verkis.is

Sæktu um með QR kóðanum



AUGLÝSING

ÆÐARDÚNTEKJA VIÐ
HRAFNSEYRI, ARNARFIRÐI

Ríkiskaup, fyrir hönd forsætisráðuneytisins, leita að aðila til að nýta æðardún í æðarvarpi við Hrafseyri við Arnarfjörð.

Um er að ræða ríkisjörð sem er í umsjón forsætisráðuneytisins skv. forsetaúrskurði.

Æðarvarp á Hrafseyri liggur við ós árinna sem liggur á milli Hrafseyrar og Auðkúlu. Girt er meðfram veginum og niður í fjöru. Varpið er staðsett að hluta á aflögðum flugvelli sem liggur með fjöruborðinu. Eitthvert krúvarp er einnig á svæðinu.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 21632 skulu sendar rafrænt í gegnum TendSign og verða svör birt þar. Fyrirspurnartími rennur út föstudaginn 17. febrúar 2022.

Þess er óskað að tilboðum sé skilað í gegnum vefinn Tend-sign.is eigi síðar en **föstudaginn, 24. febrúar 2022 kl. 12:00**.

Allar nánari upplýsingar um ferlið og kröfur sem bjóðandi verður að uppfylla er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni <https://tendsign.is/>.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Sjá nánar á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.ríkiskaup.is

RÍKISKAUP

Tilkynning um
kosningu ríkisendurskoðanda.

Forsætisnefnd Alþingis mun eigi síðar en í maí nk. gera tillögu til Alþingis um einstakling til að gegna embætti ríkisendurskoðanda og verður hann kjörinn á þingfundum, sbr. 2. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Alþingi kys ríkisendurskoðanda til sex ára í senn, en heimilt er að endurkjósa sama einstakling einu sinni.

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis. Hann er trúnaðarmaður þess og ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Ríkisendurskoðandi skal hafa þekkingu á reikningsskilum og ríkisrekstri auk stjórnunarreyndu. Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum og ákveður sjálfur hvernig hann sinnir hlutverki sínu samkvæmt lögum um embættið.

Þeir sem áhuga kunna að hafa á að gegna embættinu, og uppfylla áðurgreind skilyrði, skulu senda forsætisnefnd Alþingis erindi þar um ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf. Einnig geta þeir sem vilja koma með ábendingar um einstaklinga í embættið komið slíku á framfæri við forsætisnefnd.

Erindi skulu berast forsætisnefnd bréflega eða með rafrænum hætti á netfangið: kosningrikisendurskodanda@althingi.is fyrir miðnætti laugardaginn 5. mars nk.

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að senda forsætisnefnd erindi um efnið.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður samkvæmt lögum laun ríkisendurskoðanda.

Forsætisnefnd Alþingis,
Alþingishúsinu við Austurvöll.



Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- Aukin massavinnsla jarðhitavökva á Hellið, Sveitarfélaginu Ölfusi,
- Færsla á hluta Bolungarvíkurlínu 1, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ,
- Smábátahöfn við Brjánslæk, Vesturbyggð.

